

Háskólinn á Akureyri  
Kennaradeild  
Leikskólabraut  
2004

# Sjón er sögu ríkari

áhrif sjónvarps á börn

Matthildur Björg Gunnarsdóttir  
Lokaverkefni í kennaradeild

Háskólinn á Akureyri  
Kennaradeild  
Leikskólabraut  
2004

# Sjón er sögu ríkari

áhrif sjónvarps á börn

Matthildur Björg Gunnarsdóttir  
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild  
Leiðsögukenari: Jórunn Elíadóttir

Yfirlýsingar:

- a) „Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.“
- 

- b) „Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild“
-

## Útdráttur

Þetta lokaverkefni mitt til B.Ed.prófs við Kennaradeild, Háskólans á Akureyri hefur til umfjöllunar áhrif sjónvarps á börn, bæði neikvæð og jákvæð.

Ritgerðin fjallar um upphaf sjónvarpsútsendinga í heiminum og sögu sjónvarps á Íslandi, ásamt því að gera skil þeim rannsóknaraðferðum sem helst eru notaðar við rannsóknir á áhrifum sjónvarps á börn, langtíma-og skammtíma rannsóknum. Neikvæð áhrif sjónvarpsáhorfs hafa mikið verið rannsökuð og þá helst áhrif ofbeldisefnis í sjónvarpi á börn. Þau áhrif sem mest hafa verið rannsökuð og þykja áhyggjuefni; árásargirni, ótti og ónæmi verður til umræðu í þessari ritgerð. Einnig verður fjalla um þau jákvæðu áhrif sem sjónvarpið óneitanlega hefur einnig.

Ég framkvæmdi könnun á því barnaefni sem í boði var yfir páskana á þeim tveimur sjónvarpsstöðvum sem senda út barnaefni. Í þeirri könnun skráði ég niður hvern þátt sem var sýndur og innihald hans, skoðaði málfar og fjölda ofbeldisatriða ásamt því að meta hvaða aldurhópi ég taldi efnið hæfa með tilliti til framangreindra atriða. Einnig var kannað hvort stöðvarnar sinntu menningarhlutverki sínu á páskum og leitaði ég því eftir hvort sýnt væri efni sem innihéldi einhverskonar páskaboðskap.

Ritgerðin tekur einnig fyrir áhrif fréttáflutnings á börn ásamt því að fjalla um árvekni foreldrar hvað það varðar.

Ábyrgð foreldra varðandi sjónvarpsáhorf og sjónvarpsnotkun barna sinna er rædd ásamt því að skoða hvað það er sem foreldrar geta gert til þess að hafa áhrif á börnin sín í þeim efnum og ekki síst hvernig þeir geta haft áhrif á það hvað er sýnt í sjónvarpinu og á hvaða tímum.

## Summary

In this B.Ed. essay I write about the influence of television viewing on children. I believe children can be exposed to both negative and positive influence when watching television. Much more is known about the negative influence as studies have focused more on that issue than the positive things about viewing.

I begin this essay by looking into the history of television, worldwide as well as its history in Iceland. I also explain the two most common ways that are used to study the effects that television can have on children, including longitudinal design studies and experimental design studies. The negative influences of television viewing will be examined, by focusing on the three most commonly studied factors; aggression, fear and desensitization. In also discuss the positive sides of watching television and I carried out a small survey on what kind of shows were aired for children, on two television stations, over the Easter holidays. I aimed to find how much violence was shown as well as listening to the language that was used. I also wanted to see if those two television stations did their „cultural duty“ on Easter by showing some kind of material that focused on Easter.

Television news and children are issues I briefly write about, there the focus is on what is known about the influence news can have on children and the role of the parents. The final discussion raises the question about parents responsibility regarding children's use of the television and how parents can have an effect on what kind of material the television stations run and at what time.

<b>1.KAFLI INNGANGUR .....</b>	<b>- 6 -</b>
1.1 Sjónvarpið og áhrif þess.....	- 7 -
1.1.1 Saga sjónvarps á Íslandi.....	- 7 -
1.2 Neikvæð áhrif sjónvarps .....	- 9 -
1.2.1 Árásargirni.....	- 10 -
1.2.2 Ótti.....	- 11 -
1.2.3 Ónæmi .....	- 14 -
1.2.4 Umræða .....	- 16 -
1.3 Jákvæð áhrif sjónvarps.....	- 16 -
1.3.1 Fræðsluáhrif.....	- 17 -
1.3.2 Sameiningaráhrif.....	- 22 -
1.3.3 Umræða .....	- 24 -
<b>2.KAFLI BARNAEFNI Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI.....</b>	<b>- 25 -</b>
2.1 Könnun á barnaefni 11.apríl, Páskadag.....	- 27 -
2.2 Könnun á barnaefnið 12.apríl, Annan í páskum .....	- 30 -
2.3 Niðurstaða könnunar .....	- 32 -
2.4 Umræða .....	- 33 -
<b>3.KAFLI ÁRVEKNI FORELDRA GAGNVART FRÉTTAÁHORFI .....</b>	<b>- 35 -</b>
<b>4.KAFLI ÁHRIF OG ÁBYRGÐ FORELDRA .....</b>	<b>- 37 -</b>
4.1 Rannsóknir.....	- 37 -
4.2 Hvað geta foreldrar gert? .....	- 39 -
4.3 Umræður .....	- 40 -
<b>5. KAFLI NIÐURSTAÐA.....</b>	<b>- 43 -</b>
<b>LOKAORÐ.....</b>	<b>- 45 -</b>
<b>HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>- 46 -</b>

## 1.Kafli Inngangur

Ég hef lengi haft áhuga á því hvernig börn bregðast við því sem þau sjá í sjónvarpinu og hvaða áhrifum þau geta orðið fyrir með því að horfa mikið á sjónvarp. Áhugi minn á því hvað börnum er boðið uppá í sjónvarpinu er því mikill og einnig hef ég áhuga á hvort og hvernig reglur foreldrar setja varðandi sjónvarpsáhorf barna sinna. Það er skoðun mín að við foreldrar séum upp til hópa ekki farin að átta okkur á þeim áhrifum sem sjónvarpið getur haft á börnin okkar, að við sofum þynirósarsvefni sem brýnt sé að vakna af fljótlega því ég tel að þörf sé á að vera á varðbergi gagnvart sjónvarpinu og áhrifum þess. Ég ákvað að skrifa þessa ritgerð til þess að komast að því hvort sú þörf sé til staðar í rauninni þegar tekið er mið af þeim staðreyndum sem til eru um málið eða hvort að sjónvarpið sé ekki eins mikill áhrifavaldur á líf barna og ég hef hingað til haldið.

Ég komst fljótlega að því að lítið af efni er til á íslensku um málefnið, lítið virðist hafa verið skrifað um börn og sjónvarp og einnig hefur lítið af erlendu efni verið þýtt. Ekki eru heldur margar erlendar bækur til hérlendis um þessi mál og það kom mér mjög á óvart því ég átti þó helst von á að finna bækur á erlendum málum um þetta efni, áður en ég hófst handa.Ég dreg þá ályktun af þessu að ekki sé mikil eftirspurn eftir lesefni varðandi börn og sjónvarp og því virðist íslenska þjóðin ekki vera á verði hvað þetta málefni varðar, enn sem komið er. Leit mín að efni leiddi mig vegna þessa fljótlega að internetinu og þar er nóg af efni um börn og sjónvarp en vissulega varð ég að huga vel að gæðum og fræðilegu gildi efnisins. Það mat ég að mestu eftir því hvar upplýsingarnar var að finna og notaðist þess vegna við efni sem finna má á heimasíðum virtra samtaka, eða einstaklinga sem þekktir eru fyrir vinnu sína varðandi þetta málefni.Vegna áðurnefnds heimildarskorts á íslensku eru nær allar rannsóknir og annað efni sem ég vitna til erlent, að mestu bandarískt því þar virðist mér helstu rannsóknir á áhrifum sjónvarps á börn hafa farið fram.

Ég ákvað að vinna ritgerðina að stærstum hluta sem heimildarritgerð með því að leita fræðilegra upplýsinga og rannsókna sem gerðar hafa verið um áhrif sjónvarps á börn og skoða hvað sálfræðingar, prófessorar, lækningar og aðrir sem unnið hafa að því að kanna þau áhrif hafa að segja. Ég byggji ritgerðina upp á nokkrum meginköflum sem allir eiga sér nokkra undirkafla. Í 1.kafli rek ég sögu sjónvarpsins og fjalla um neikvæð og jákvæð áhrif þess á börn. Þar vitna ég í fjölda rannsókna og sérfræðinga á

því sviði. Ég útbjó könnun á barnaefni sjónvarpstöðvanna og framkvæmdi hana á páskadag og annan í páskum. Um aðferðina og niðurstöðuna má lesa í 2.kafli. Með könnuninni vil ég gefa lesandanum innsýn í það efni sem börnum er boðið uppá og gæði þess ásamt því að kanna hvort stöðvarnar sinntu menningarhlutverki sínu á páskum. Í 3.kafli tek ég fyrir áhrif fréttu á börn og árvekni foreldra hvað það sjónvarpsefni varðar og í 4.kafli fjalla ég um þá ábyrgð og þau áhrif sem foreldrar geta haft á sjónvarpsáhorf barna sinna ásamt því að fjalla um þær leiðir sem þeir geta gripið til vilji þeir hafa áhrif á hvaða efni er sýnt í sjónvarpinu og á hvaða tíma. Að lokum tek ég saman niðurstöðu mína varðandi efnið í heildina.

## 1.1 Sjónvarpið og áhrif þess

Sjónvarpið var fundið upp af skoska verkfræðingnum John Logie Baird og hann sendi út fyrstu sjónvarpsmyndina árið 1924 en það var afskaplega takmarkað, þar sem þar sáust aðeins útlínur hluta. 26.janúar 1926 er hinsvegar talin vera dagurinn sem markaði upphaf sjónvarpsins en þá sjónvarpaði Baird fyrst hlutum á hreyfingu. Það var breska sjónvarpið, BBC ( British Broadcasting Corporation) sem tók svo þessa nýju tækni upp og hóf reglulegar útsendingar árið 1936. Í Bandaríkjunum var fyrst sjónvarpað 30.apríl 1939 og það var sjónvarpsstöðin NBC ( National Broadcasting Company) sem stóð fyrir því.<sup>1</sup> Báðar þessar stöðvar, BBC og NBC eru í dag mjög afkastamiklar í framleiðslu sjónvarpsefnis.

### 1.1.1 Saga sjónvarps á Íslandi

Á Íslandi náðist sjónvarpsútsending fyrst með tilkomu hersins á Keflavíkurflugvelli og var það kallað *kanasjónvarpið* manna á milli. Ríkisjónvarpið hóf svo útsendingar 30.september 1966 með ávarpi útvarpsstjóra, þar á eftir var blaðamannafundur þar sem Bjarni Benediktsson þáverandi forsætisráðherra sat fyrir svörum. Hann sagði þá meðal annars að dagskrá sjónvarpsins yrði vonandi til þess að halda börnum og unglingum heima hjá sér á kvöldin<sup>2</sup>

Stöð 2 hóf útsendingar 9.október 1986 ári eftir að ný útvarpslög tóku gildi sem gerðu öðrum sjónvarpsstöðvum kleift að hefja rekstur og þar með var áratuga einokun Ríkisjónvarpsins á sjónvarpsmarkaðnum úr sögunni<sup>3</sup> Það var svo ekki fyrr en

---

<sup>1</sup> Vísindavefur Háskóla Íslands

<sup>2</sup> Ísland í aldanna rás .2003:620

<sup>3</sup> Stöð 2

20.október1999<sup>4</sup> sem þriðja sjónvarpstöðin Skjár 1 hóf útsendingar og síðan þá hafa flestir landsmenn haft aðgang að þessum þremur sjónvarpsstöðvum. Það er þó misjafnt hvernig fólk hefur aðgang að stöðvunum en þar sem Ríkissjónvarpið er ríkisrekið borga landsmenn afnotagjöld mánaðarlega af því en engu að síður geta allir séð útsendinguna hún er ekki „rugluð“ eins og dagskrá Stöðvar 2. Ef fólk vill sjá dagskrá Stöðvar 2 getur það keypt sér aðgang að henni með mánaðarlegri áskrift og fær þá svokallaðan afruglara sem það tengir við sjónvarpið og þannig getur fólk náð óruglaðri dagskrá. Útsendingar á Skjá 1 er öllum opin og ókeypis, sem á annað borð ná útsendingunni.

Nokkuð algengt er orðið hérlendis að fólk kaupi sér gervihnattadisk sem veitir aðgang að erlendum sjónvarpsstöðvum. Þegar þannig háttar til er aðgangur fólks að sjónvarpsefni orðin mjög mikill því hægt er að ná yfir 250 stöðvum með áskrift að gervihnattadisk. Kosturinn við þá umfram venjuleg sjónvarpstæki er sá að hægt er að læsa rásam á þeim, foreldrar geta einfaldlega valið þær rásir sem þeir vilja hafa opnar og aðgengilegar allri fjölskyldunni en læst hinum.

Fyrstu ár sjónvarpsins var það kynnt fólki sem kennslutæki sem gæti víkkað sjóndeildarhring þeirra sem á það horfðu með því að færa nýja þekkingu og reynslu utan úr heimi og beint inn í stofu. Sjónvarpið átti að sameina fjölskyldur með skemmtilegu og fræðandi efni.<sup>5</sup>

Menn hafa, frá upphafi sjónvarpsútsendinga í heiminum ekki verið á eitt sáttir um áhrif þess á áhorfendur, það voru ekki allir sem gleypu við hugmyndinni um sameiningu fjölskyldunnar og kennsluáhrif sjónvarpsins í upphafi. Deilur manna um þessi mál eru því alls ekki nýjar af nálinni og mikilvægt að fólk átti sig á því að það eru ekki „móðursjúkar nútímamæður“ sem fundu upp á því að tengja áhrif sjónvarpsins við aukið ofbeldi, glæpi og andfélagslega hegðun af ýmsu tagi. Mér virðist þegar litið er á sögu sjónvarpsins að tortryggni á það og áhrif þess hafi fylgt því frá upphafi.

En hefur sjónvarpið jafn skaðleg áhrif á börn og ungt fólk og margir halda fram í dag? Ég ætla að reyna að varpa ljósi á það í næsta kafla.

---

<sup>4</sup> Skjár 1

<sup>5</sup> Buckingham.2000:43.



## 1.2 Neikvæð áhrif sjónvarps

Fyrsta ráðstefnan sem haldin var um sjónvarp og ofbeldi var haldin í Bandaríkjunum 1952 en þá voru stjórnámálmenn og félagsfræðingar farnir að hafa áhyggjur af áhrifum ofbeldis í sjónvarpi á börn og unglinga. Á þessum tíma var mikil aukning á ofbeldisverkum og öðrum glæpum og menn leituðu ástæðna þess og margir töldu að orsakanna væri að leita í þessum nýja miðli sem sjónvarpið var á þeim tíma. Margir fundir, þing og ráðstefnur hafa verið haldnar síðan 1952 um áhrifin sem sjónvarpið kann að hafa á börn og ungt fólk og ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar til þess að reyna að mæla þau áhrif sem ofbeldi í sjónvarpi hefur á börn og unglinga<sup>6</sup>.

Dr. Joanne Cantor fyrrverandi prófessor við Háskólann í Winconsin í Madison USA hefur mikla reynslu af rannsóknum um áhrif fjölmiðla á börn. Hún hefur unnið að því málefni í áratugi og hefur skrifað skýrslur og bækur um efnið ásamt fjölda fræðigreina og fyrirlestra. Cantor bendir á að í gegnum tíðin hafi fólk átt erfitt með að trúa þeim niðurstöðum sem fást í rannsóknum á sjónvarpsefni og er það sennilega vegna þess að fólk skilur ekki hvernig þær eru framkvæmdar, hvernig hægt sé að mæla áhorf og áhrif. Fæstir gera sér grein fyrir að þessar rannsóknir eru framkvæmdar á mjög svipaðan hátt og læknisfræðilegar rannsóknir, fylgst er með hópi barna í langan tíma, jafnvel áratugi og skoðað er hvort fylgni sé á milli þess hvernig börnin hegða sér síðar miðað við tímamann sem þau eyddu fyrir framan sjónvarpið. Einnig eru skoðaðir aðrir þættir eins og hvort barnið sé árásgjarnt að eðlisfari og kannaðar eru fjölskylduaðstæður þess. Þessar tegundir af rannsóknum fara fram við venjulegar aðstæður barnsins, það er í sínu venjulega umhverfi og heldur áfram að gera það sem það vanalega gerir.

Önnur tegund af rannsóknum, sem Cantor talar um eru skammtímarannsóknir, sem eru einnig notaðar til að mæla áhrif sjónvarpsnotkunar á börn en þá eru aðstæður aðrar. Dæmi um þannig rannsókn er þegar börnum er skipt niður í hópa og síðan fær hver hópur að horfa á mismunandi tegundir af barnaefni, hegðun og hátterni barnanna síðan skoðuð eftir áhorfið og athugað hvort einhver munur sé á hópunum eftir því hvað þeir fengu að horfa á.<sup>7</sup>

<sup>6</sup> Children Now :1998

<sup>7</sup> Cantor,2002a.

### 1.2.1 Árásargirni

Það sem helst hefur verið rannsakað af þeim áhrifum sem sjónvarpið hefur eru tengslin milli sjónvarpsáhorfs og árásargirni. Sálfræðingurinn Dr. Leonard Eron er gjarnan kallaður frumkvöðull á sviði rannsókna af þessu tagi þar sem hann framkvæmdi fyrstu langtímarannsóknina sem gerð var á áhrifum sjónvarps á börn. Í rannsókninni skoðaði hann hvort það væri fylgni milli sjónvarpsáhorfs og árásargirni. Úrtakið í þessari rannsókn voru aðeins drengir og voru þeir átta ára þegar rannsóknin hófst en þrítugir þegar henni lauk 1987. Rannsóknin náði því yfir tuttugu og tveggja ára tímabil. Eron komst meðal annars að því að besta forspáin um árásarhneigð nítján ára drengja væri sú hversu ofbeldisfullt sjónvarpsefni þeir horfðu á þegar þeir voru átta ára gamlir. Þegar Eron talaði við mennina er þeir voru þrítugir komst hann að því að þeir sem mest horfðu á sjónvarpið átta ára gamlir voru mun líklegri til að vera á sakaskrá fyrir alvarleg afbrot og athæfi, heldur en hinir sem minna horfðu. Það sem sterklega styður að samband sé á milli sjónvarpsáhorfs og árásargirni, að mati Eron er það að þeir átta ára drengir sem þegar voru árásargjarnir (þeir sömu og horfðu mest á sjónvarpið) voru andfélagslegri og/eða árásargjarnari sem unglingar og fullorðnir heldur en þeir sem minna höfðu horft á sjónvarpið.<sup>8</sup>

Eron starfar í dag sem prófessor við Háskólann í Michigan og vinnur enn að rannsóknum sem tengjast sjónvarpsáhorfi og áhrifum þess á börn og unglinga.

Fólk heldur gjarnan að það séu bara drengir sem séu svona mótækilegir og áhrifagjarnir fyrir ofbeldi og öðru slæmu sem birtist í sjónvarpinu, en rannsóknir hafa sýnt fram á að lítil sem engin munur er á drengjum og stúlkum hvað það varðar. Rowell Huesmann sem er sálfræðingur hjá „Aggression Research Group“ við Háskólann í Michigan í Bandaríkjunum, gerði rannsókn á árunum 1977-1979 þar sem hann spurði fjögurhundruð stúlkur um sjónvarpsáhorf sitt. Á þessum tíma var barnaefni með kvenkynshetjum mjög vinsælt m.a. *Charlies Angels*, *Wonder women* og *Bionic Woman*. Á árunum 1992 til 1995 talaði hann við rúmlega tvöhundruð stúlkum úr þessum sama hópi og safnaði saman upplýsingum um lífshlaup þeirra, hann fékk einnig upplýsingar frá nánnum vini eða maka til að gæta samræmis í upplýsingunum. Stúlkurnar sem horfðu hvað mest á áður nefnda þætti voru mun árásargjarnari og líklegri til að hafa tekið þátt í líkamsárásum, beitt

<sup>8</sup> Bee 2000:426

kyrkingum/kæfingu og tekið þátt í hnífabardögum, heldur en þær stúlkur sem minna horfðu eða ekki neitt<sup>9</sup>.

Samkvæmt nýlegri rannsókn er lítill munur á stúlkum og drengjum hvað varðar áhrifin sem ofbeldisfullt sjónvarpsefni hefur á þau fram að unglingsaldri en þá verða drengirnir fyrir meiri áhrifum sem brýst út sem árásargirni. Hinsvegar kom í ljós að við tuttugu og tveggja ára aldur er þessi munur horfinn og stúlkur eru alveg jafn líklegar til þess að taka þátt í árásar-og ofbeldisverkum á aldrinum tuttugu og tveggja til þrjátíu ára. Það eru því ekki bara börn og unglingar sem verða fyrir áhrifum frá sjónvarpinu því að ungt fólk fram að þrítugu verður líka fyrir áhrifum og það er nokkuð sem að menn hafa ekki gert sér grein fyrir áður. „Ég hafði haldið að eftir því sem krakkar verða eldri, því minni áhrifum yrðu þau fyrir. Þetta sýnir okkur að áhrif sjónvarpsins eru gegnumgangandi og það er ekki hægt að forðast þau“<sup>10</sup> segir Dr.Leonard Eron.

Talsmenn kvikmyndaiðnaðarins nota gjarnan þau rök gegn rannsóknum eins og þeim sem ég hef fjallað um hér, að þær séu ekki marktækar vegna þess að þeim beri ekki öllum saman um niðurstöðurnar. Þó hefur verið sýnt framá með tölfræðilegum rannsóknum að rannsóknum um áhrif sjónvarps á börn ber að miklu leyti saman. Tvær tölfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar varðandi þetta, hin fyrri árið 1990 og hin síðari árið 2001. Í fyrra skiptið voru teknar saman allar rannsóknir sem til voru á þeim tíma og gerðar voru um tengsl sjónvarpsáhorfs og árásargirni á árunum 1957-1990, hvort sem þær höfðu verið útgefnar og þannig birst almenningi eða ekki. Niðurstaðan var sú að það er fylgni milli áhorfs ofbeldisfulls sjónvarpsefnis og andfélagslegrar hegðunar. Rannsóknin sem gerð var árið 2001 styður niðurstöðu þeirrar fyrri, jafnvel þó að þá hafi einungis verið unnið út frá rannsóknum sem útgefnar voru á árunum 1956-2000.<sup>11</sup>

### 1.2.2 Ótti

George Gerber sem unnið hefur mikið að rannsóknum á áhrifum ofbeldis í sjónvarpinu telur að aukin árásarhneigð barna vegna sjónvarpsáhorfs sé ekki það sem ber að hafa mestar áhyggjur af heldur sé það óöryggi og hræðsla/ótti sem sé mun alvarlegri afleiðing af sjónvarpsáhorfinu. Hann segir að ofbeldisverkum í Bandaríkjunum hafi í raun fækkað undanfarin ár en mikið sjónvarpsáhorf geri það að

<sup>9</sup> American Psychological Association

<sup>10</sup> Stroh..2002.

<sup>11</sup> Cantor.2002a.

verkum að fólki finnist það lifa við meira ofbeldi en það í rauninni gerir. Gerber heldur því fram að fólk óttist það að verða fórnarlömb þeirra ofbeldisverka sem það hefur séð í sjónvarpinu og síðar muni það hafa þau áhrif að þjóðfélagið verður opnara fyrir hertari aðgerðum gegn þeim sem brjóta af sér, svo sem lengri fangelsisvistun og dauðadómum til þess að létta á óttatilfinningunni.<sup>12</sup>

Samkvæmt þessum rannsóknum má ætla að það séu ekki bara börnin okkar sem verða fyrir áhrifum af því sem þau sjá í sjónvarpinu, fullorðnir verða það líka og fólk fer að óttast þjóðfélagið sem það býr í og hættir smámsaman að treysta öðrum. Fullorðnir eiga þó auðveldara með að fela ótta sinn á meðan hann getur brotist út hjá börnunum í óöryggi, kvíða, hræðslu og jafnvel svefnleysi. Ef ég yfirfæri það sem Gerber segir um ofbeldi og ótta yfir á íslenskt samfélag, þá hef ég heyrt raddir landsbyggðarfólks segja að Reykjavík sé stórhættuleg borg sem ekki sé búandi í fyrir glæpum og óöld, og það virkilega trúir því að svo sé. Þetta fólk hefur kannski aldrei búið í Reykjavík og hefur ekkert fyrir sér í þessari skoðun sinni á Reykjavík nema neikvæða fjölmiðlaumfjöllun, fréttir af líkamsárásum, þjófnuðum og í versta falli morðum. Að mínu mati er heimurinn hvergi fullkominn og alstaðar er eitthvað sem getur valdið ótta en ég tel að það sé komið út fyrir eðlileg mörk þegar fólk lætur óttann hafa afgerandi áhrif á líf sitt. Eins er það hjá börnunum, það hlýtur að vera komið út fyrir það sem eðlilegt má telja þegar þau óttast eitthvað svo mikið að líf þeirra og hegðun tekur breytingum, þess vegna ber foreldrum að hafa opin augu og hlusta á ótta barnanna og leitast við að skilja ástæður hans.

„Sjón er sögu ríkari“ segir íslenskt máltæki og þegar lítil börn eiga hlut að máli er það hverju orði sannara því að þau trúu því sem þau sjá og það hefur meiri áhrif á þau heldur en það sem þau heyra í töluðu máli. Þetta á sérstaklega við börn á leikskólaaldri, 2-6 ára hafa þau ekki náð þeim þroska að skilja á milli veruleika og ímyndunar og því eru þau mjög líkleg til þess að óttast eitthvað sem er mjög ótrúlegt, eitthvað sem aldrei gæti gerst í veruleikanum. Börn á þessum aldri eiga erfitt með að fylgja eftir söguþræði og þau eiga erfitt með að tengja saman atburði í því sem þau eru að horfa á, sjái þau t.d. mann skjóta annan mann í upphafi myndar en hann er síðan ekki handtekinn fyrr en í enda myndarinnar eru litlar líkur á að þau skilji að það var vegna þess að hann framdi verknaðinn í upphafi þar sem hann var ekki handtekinn strax.<sup>13</sup>

---

<sup>12</sup>Vedantam.2002.

<sup>13</sup> Children Now.1998.

Börn á þessum aldri eru gjörn á að horfa á sömu myndina aftur og aftur, og það er einmitt vegna þess að þau geta ekki skilið myndina með því að sjá hana bara einu sinni, í hvert skipti sér barnið eitthvað nýtt, eitthvað sem fór framhjá því áður.<sup>14</sup> Á þessum aldri dæma börnin það sem þau sjá eftir því hvernig það lítur út, þau sjá ekki það sem býr að baki útlitinu og óttast því oft hluti sem eru hættulausir. Foreldrar þurfa tildæmis aldrei að kenna börnunum sínum að óttast Grýlu og Leppalúða eða krókódila og hákarla, börnin dæma fólk, dýr og hluti út frá því hvernig þeir líta út frekar en hvernig þeir eru í rauninni, og því er mjög algengt að börn óttist hluti sem í þeirra augum eru ekki fallegir, burtséð frá því hvort þeir eru góðir eða ekki. Gott dæmi um þetta að mínu mati er *E.T.* geimveran góða sem er nokkuð undarleg útlits og ekki sérlega falleg, börn eiga erfitt með að líta framhjá því til þess að sjá það góða við hana.

Annað sem hræðir börn á þessum aldri eru myndir af náttúruhamförum, sérstaklega ef þær eru sýndar beint af staðnum, þau óttast einnig mjög að sjá gróft ofbeldi allt frá slagsmálum til hryðjuverkaárása.<sup>15</sup> Í því sambandi getum við ekki ímyndað okkur skelfinguna sem hlýtur að hafa gripið flest börn í Bandaríkjunum þegar hryðjuverkaárásin á tvíburaturnana var gerð 11.september 2001. Þá urðu börn vitni að atburðum sem á tvennan hátt skelfa þau ógurlega, annarsvegar hryðjuverk og hinsvegar dauðinn. Dauðinn vekur ótta hjá börnum á leikskólaaldri vegna þess að þau skilja ekki ennþá hugtakið dauði, að vera „dái“ er eitthvað sem þau í flestum tilfellum skilja ekki til hlítar hvað er og því hafa þau ekki ennþá velt fyrir sér möguleikanum á því að foreldrar þeirra eða systkini geti dáið frá þeim. Þess vegna er nokkuð athyglisvert að sjá að margar myndir ætlaðar börnum á þessum aldri eru látnar snúast um dauðann að miklu leyti, t.d. eru margar Disney myndir þannig. Eftir að hafa horft á þannig mynd er ekki ólíklegt að börn fari að velta fyrir sér hvort einhver gæti dáið frá þeim og þau verða gjarnan nokkuð upptekin af dauðanum í framhaldinu.<sup>16</sup>

Þegar börn á leikskólaaldri horfa á mynd, hvort sem hún er teiknimynd eða leikin, mynda þau gjarnan sterk tengsl við persónur sem koma þar fram, svo sem börn og dýr. Þegar þessum persónum er ógnað á einhvern hátt upplifa börnin sjálf slíka ógnun.<sup>17</sup>

<sup>14</sup> Meltz.1999:238

<sup>15</sup> Cantor.2002a.

<sup>16</sup> Cantor.2002a.

<sup>17</sup> Cantor.2002a.

Persónuleg reynsla mín er sú að þetta sé hárrétt og get ég í því sambandi sagt frá því þegar ég var eitt sinn að horfa á Lassie í sjónvarpinu með litla bróður mínum sem þá var fjögurra ára gamall. Lassie er eins og margir vita góður og gáfaður hundur og því afskaplega auðvelt fyrir barn að tengjast henni sterkum böndum. Eitt atriði myndarinnar sýnir Lassie detta í á og berst hún með straumnum, hverfur bak við klett í ánni um tíma en nær síðan að komast á þurrt land aftur. Þessi atburðarrás skelfdi bróður minn verulega og þegar Lassie hvarf bak við klettinn fór hann að gráta og harðneitaði að horfa á meira af myndinni, jafnvel þó Lassie birtist aftur og ævintýrið héldi áfram. Ég reyndi mikið til þess að fá hann til að skilja þetta og klára að horfa á myndina en það var ekki til í dæminu.

Margir foreldrar kannast eflaust við eitthvað í líkingu við þetta en samkvæmt því sem fram kemur í bók Dr. Joanne Cantor „Mommy I’m scared“ á að taka barnið frá því sem það óttast en ekki neyða það til þess að sitja lengur yfir því og gera þannig lítið úr ótta þess.<sup>18</sup> Samkvæmt því átti ég ekki að reyna að fá bróður minn til að horfa meira heldur hefði ég átt að veita ótta hans meiri skilning og hætta að horfa á myndina. Í dag bregst ég öðruvísi við enda eldri og þroskaðri, og ég hef gengið út úr bíó með son minn í miðri mynd vegna þess að hann varð ofsalega hræddur og þá fannst mér ekki rétt að hann sæi meira, kannski einmitt vegna reynslu minnar með bróður minn.

Þegar börn eru á aldrinum 9-12 ára breytist það sem þau hræðast því skilningur þeirra er meiri en yngri barnanna, þau hafa þroskast og gera nú meiri mun á raunveruleikanum og því tilbúna efni sem birtist þeim í sjónvarpinu og fara að hræðast hluti sem eru raunverulegir, það sem getur gerst í alvörunni frekar en það sem gæti aldrei gert í veruleikanum. Dæmi um það sem þau óttast eru slys af ýmsu tagi, eldsvoðar og innbrot, þetta eru alvöru atburðir sem geta hent hvaða fjölskyldu sem er og það er einmitt það sem börnin byrja að gera sér grein fyrir á þessum aldri.<sup>19</sup>

### 1.2.3 Ónæmi

Það sem kannski er alvarlegast af öllum þeim afleiðingum sem ofbeldi í sjónvarpi hefur á börn og annað fólk er að mikið áhorf veldur hjá mörgum ónæmi (e. Desensitization), það er að segja einstaklingurinn verður ónæmur fyrir öllu því ofbeldi sem hann sér í sjónvarpinu vegna þess að hann hefur séð svo mikið af því og

<sup>18</sup> Cantor.1998.

<sup>19</sup> Cantor.2002c.

Það verður á endanum eitthvað sem engin áhrif hefur á hann. Ónæmi verður ekki til á einni nóttu heldur tekur það tíma að byggjast upp hjá börnum. Það byrjar sem eðlilegt varnar viðbragð hjá barni, öll börn og reyndar allt fólk býr yfir þessum eiginleika að geta snúið skelfilegum aðstæðum eða reynslu við svo að ekkert þurfi að óttast.

Það er erfitt fyrir börn að sjá mikið af ofbeldi og því fara þau með tímanum að skilja það þannig að það sé bara allt í lagi því annars er heimur þessara barna of skelfilegur til að lifa í. Þau börn sem ekki mynda með sér ónæmi verða oft mjög taugaveikluð og óttaslegin gagnvart heiminum. Ónæmi er ekki bundið við börn á einhverjum ákveðnum stöðum í heiminum heldur er talið að öll börn sem horfa á mikið ofbeldi þrói með sér ónæmi fyrir því. Það að breyta slæmri reynslu í ónæmi er meðfæddur eiginleiki sem getur nýst börnum vel í lífinu en það er ekki eðlilegt að honum sé beitt gagnvart sjónvarpsefni. Þegar barn fer að líta á ofbeldisefni í sjónvarpinu sem eðlilegan hlut er líklegra að það sæki í að sjá meira af því og í framhaldi af því er líklegra að barnið fari sjálft að beita ofbeldi í samskiptum sínum. Auk þess er hættu á að barnið líti á ofbeldi sem það verður vitni að sem sjálfsagðan hlut.<sup>20</sup>

Nýleg rannsókn í Bretlandi sýnir fram á að börn sem horfa mikið á efni sem inniheldur ofbeldi, og þá er ekki bara verið að tala um glæpa-og hasarmyndir heldur einnig heimilisofbeldi og einelti sem algengt er að komi fyrir í svokölluðum sápuóperum, eru orðin svo ónæm fyrir því að þau líta ekki á það sem ofbeldi lengur heldur eitthvað sem „bara er“. Í rannsókninni voru börnunum sýnd atriði úr ýmsum sjónvarpsþáttum og myndum sem ekki eru bannaðar þeirra aldurshópi, hinsvegar kom í ljós að flest börnin höfðu samt séð myndir sem bannaðar eru þeirra aldri og innihalda m.a. mjög gróft ofbeldi, myndir eins og *Saving Private Ryan*, *Terminator* og *Scream*.<sup>21</sup>

Önnur rannsókn á sama efni var gerð í Bandaríkjunum og niðurstöður hennar sýna fram á að þetta ónæmi sem börn hafa þróað með sér verður til þess að þau leyfa lengri tíma að líða í dag heldur en áður fyrr, áður en þau kalla eftir hjálp fullorðinna þegar þau verða vitni að alvarlegum ágreiningi milli skólafélaga sinna og þau eru hætt að líta á einstaklinga sem verða fyrir heimilisofbeldi sem fórnarlömb sem vert er að hafa samúð með.<sup>22</sup>

---

<sup>20</sup>Meltz.1999: 236.

<sup>21</sup>Paine.2003.

<sup>22</sup>Cantor.2002a.

### 1.2.4 Umræða

Mér virðist á þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram að það sé langt frá því að vera ímyndun og tilbúningur hjá fólki þegar það talar um að sjónvarpsáhorf hafi slæm áhrif á börn og unglinga. Ég tel að sjónvarpið geti haft gríðarlega mikil neikvæð áhrif á börn og unglinga sé það ekki notað á réttan hátt, það er að segja ofnotað. Vissulega verða ekki allir sem horfa á sjónvarpið fyrir þessum slæmu áhrifum en ég tel að flestir hafi einhvern tíma orðið vitni að einhverju sem flokka má undir þessa neikvæðu þætti sem ég hef fjallað um, dæmi um það er barn sem tekur upp á því að lemja foreldri sitt eftir að hafa séð það gert í sjónvarpinu, barn sem þorir ekki að fara að sofa að kvöldi eða neitar að sofa í sínu eigin herbergi lengur vegna þess það óttast eitthvað sem það sá í sjónvarpinu. Flestir foreldrar telja þetta vera saklaust ástand sem gangi yfir á stuttum tíma og það reynist oft rétt, barnið kemst yfir það sem hrjáir það en ástandið getur einnig orðið óeðlilegt ef því er ekki veitt rétt athygli og getur orðið það slæmt að þörf er á utanaðkomandi hjálp.

Af þeim afleiðingu sem ég hef fjallað um hef ég sjálf mestar áhyggjur af áðurnefndu ónæmi fyrir ofbeldi sem ég tel að þrífist í íslensku samfélagi eins og annar staðar í heiminum. Það má glögggt greina að mínu mati á því hversu börn og unglingar tala mikið um fáránleika þess að þessi eða hin myndin sé bönnuð þeim, hún sé bara ekkert ógeðsleg! Ég hef miklar áhyggjur af þessum áhrifum til langframa verði engin breyting á hegðun og hugsun fólks því þá er hætt við að enginn kippi sér lengur upp við neitt og hvernig verður heimurinn þegar öllum hættir að vera sama um aðra í kring um sig, þegar ekkert snertir hjarta fólks lengur og mannúð og kærleikur heyra sögunni til?

Það eru á hverju málefni tvær hliðar, ef ekki fleiri, og það hlýtur að eiga við um sjónvarpið eins og annað. Varla getur verið að allt sé neikvætt við sjónvarpið, dagskrá þess og áhrif á áhorfendur, eða hvað? Ég mun nú skoða það mál nánar.

### 1.3 Jákvæð áhrif sjónvarps

Eins og áður hefur komið fram átti sjónvarpið að vera kennslutæki sem flytti nýja þekkingu beint heim í stofu til fólks og átti þannig að sameina fjölskylduna yfir skemmtilegu og fræðandi efni. Að mínu mati hefur sjónvarpinu tekist að halda eftir hluta af dagskrá sinni í gegn um tíðina til þess að sýna fræðandi efni sem fjölskyldumeðlimir geta sameinast yfir þó að sameiningarhlutverkið sé ekki það sama í dag og það var áður fyrr eins og ég mun fjalla um síðar í þessum kafla. Jákvæðustu



áhrifin sem börn og annað fólk verður fyrir í dag með því að horfa á sjónvarpið eru að mínu mati, fræðsluáhrif og sameiningaráhrif. Þessum áhrifum mun ég nú gera betri skil hverju fyrir sig.

### 1.3.1 Fræðsluáhrif

Það jákvæðasta við sjónvarpið að mínu mati er það sem af því má læra, þegar horft er á efni sem er ekki algerlega tilgangslaust og skilur eitthvað eftir sig í stað þess að vera eingöngu afþreying sem fer inn í kollinn á þeim sem horfir og jafnharðan þaðan út aftur. Fræðsluþættir af ýmsu tagi eru vel til þess fallnir að sameina foreldra og börn í áhorfi og sjónvarpsstöðvar hafa í gegnum tíðina sinnt því hlutverki með ágætum. Hér á landi hefur það helst verið Ríkissjónvarpið (hér eftir Rúv) sem hefur sýnt slíkt efni þó að vissulega séu einnig dæmi um það á hinum sjónvarpsstöðvunum tveimur. Úti í heimi eru sérstakar sjónvarpsstöðvar sem sérhæfa sig í framleiðslu og sýningum á fræðandi efni og sýna ekkert annað en þætti af því tagi, dæmi um slíka stöð er Discovery Channel. Slíkar stöðvar geta íslenskar fjölskyldur horft á ef þær eru með gervihnattadisk á heimilinu en aðrir áhugasamir verða að setja traust sitt á að íslensku sjónvarpsstöðvarnar sýni slíkt efni. Eins og ég sagði áður tel ég að Rúv sinni þessu efni með ágætum og sem dæmi um góða fræðandi þætti fyrir foreldrar og börn sem sýndir hafa verið í vetur má nefna *Válynd veður* sem fjallaði um öll birtingarform veðurs í heiminum og áhrif þess á líf fólks og einnig *Lífshættir spendýra* sem eins og nafnið gefur til kynna fjallaði um lífshætti ýmissa spendýra.

Þegar sjónvarpsefni fyrir börn er eins og það best gerist verður það til þess að börn geta lært heilmargt á því að horfa og flestir foreldrar telja sig stundum sjá merki þess að barnið þeirra hafi lært ýmislegt af sjónvarpinu meðal annars tölur, stafi og ýmis hugtök. Það er ekki eingöngu ímyndun hjá foreldrum heldur er það staðreynd að börn læra tölur, stafi og ýmis hugtök af sjónvarpinu og jafnvel sköpunarhæfni þeirra getur styrkst af því að horfa á sjónvarpið<sup>23</sup> Orðaforði barna getur aukist á því að horfa á efni í sjónvarpinu, sem að mínu mati er gott mál því að sýnt hefur verið fram á að það geti orðið börnum erfitt að þekkja flókin og erfið orð þegar þau læra að lesa hafi þau ekki kynnst vel góðum orðaforða talmáls og hlustunar.<sup>24</sup> Ég bendi því á nauðsyn þess að foreldrar venji börnin sín á, frá því að þau eru mjög lítil, að við þau sé talað á góðu máli þar sem koma við sögu ýmis erfið orð og hugtök, sem þá eru útskýrð ef með

<sup>23</sup> Anderson.2001:3

<sup>24</sup> Hildigunnur Gunnarsdóttir.2000:45

þarf, því þannig venst barnið snemma notkun flókinna orða, orðasambanda og hugtaka. Að mínu mati á þetta ekki síst við fyrir framan sjónvarpið þar sem barnið stendur oft frammi fyrir flóknum og erfiðum orðum og hugtökum sem oft væri best að fá nánari útskýringar á um leið og þau koma fyrir.

Að mínu mati er Rúv öðrum fremra hér á landi við að sýna og framleiða gott barnaefni, þá á ég við efni sem er lærdómsríkt, laust við ofbeldi og talsett á íslensku. Sem dæmi um það eru þættir eins og *Stundin Okkar*, *Krakkar á ferð og flugi*, *Orkuátakið 2003/Latibær*, *Bubbi byggir*, *Franklín*, *Bjarnarból*, *Ketill og Spanga*. Allt eru þetta þættir sem hafa einhvern boðskap fram að færa og eru „saklausir“ en þá á ég við að innihaldið er þeirrar tegundar að foreldrum er óhætt að skilja börnin sín eftir ein yfir þessum þáttum. Annað sem ég tel að megi hrósa Rúv fyrir varðandi barnaefni er hversu mikið af efninu er talsett á íslensku og málfarið er að mínu mati gott. Af ellefu barnaþáttum sem sjónvarpið hefur sýnt í vetur eru aðeins tveir sem eru ekki talsettir á íslensku, annar er teiknimynd ætluð unglíngum en hinn er leikinn þáttur einnig ætlaður unglíngum. Talsvert er um að barnaefni á Stöð 2 sé ekki talsett á íslensku þó að það sé ætlað ungum börnum. Það tel ég slæmt því að mínu mati ætti það að vera í forgangi hjá sjónvarpsstöðvum á Íslandi að talsetja allt barnaefni sem er sýnt, sérstaklega sé það ætlað ungum börnum.

Talsett barnaefni gagnast líka fleirum en börnunum og ég þekki nokkur dæmi þess að fólk sem hingað til lands hefur komið erlendis frá til náms eða atvinnu, horfir gjarnan á barnaefnið og lærir þannig íslenskuna til að byrja með. Í barnaefninu er skýrt og einfalt mál, algeng orð og hugtök og oft á tíðum góðar útskýringar á því sem fyrir augu ber. Ég hef sjálf reynslu af því hversu vel talsett barnaefni getur nýst manni því ég bjó um tíma í Noregi og ég fann fljótt hversu hentug leið það var að horfa á barnaefnið, sem er talsett, til þess að læra einföld orð og grunnhugtök. Vegna þessarar reynslu er ég á þeirri skoðun að sjónvarpstöðvarnar eigi að leggja metnað sinn í að talsetja allt barnaefni sem boðið er uppá. Að efni sem ætlað er eldri krökkum og unglíngum sé textað en ekki talsett er kannski hægt að réttlæta með því að þá eru krakkarnir orðnir læsir og geta vel fylgt texta eftir á skjánum og það er að auki góð lestrarþjálfun, ásamt því að þau eru byrjuð að læra ensku í skólanum (en mikill hluti efnisins er á enskri tungu) og geta þannig æft sig að hlusta á og læra hana. Ég mun fjalla betur um málfar og talsetningu barnaefnis í íslensku sjónvarpi í kafla þrjú.

Sumir segja að fræðsluáhrif sjónvarpsins séu ekki nýtt til hins ýtrasta í nútímanum og meðal þeirra er Dr. Edward L Palmer sem var einn af upphafsmönnum Sesame Street barnaþáttanna. Hann hefur starfað sem ráðgjafi hjá UNICEF í Mið austurlöndum og í Afríku, og hans skoðun er sú að fræðsluáhrif sjónvarpsins sé ekki nýtt sem skildi sérstaklega í vanþróuðum löndum. Í löndum sem fá mesta alþjóðlega aðstoð eru um 20-40 milljónir manna sem engu að síður hafa aðgang að sjónvarpi. Fjölskyldur hafa fjárfest í sjónvarpstækjum þó að það sé mjög dýrt á þeirra mælikvarða, og þannig hefur fólk aðgang að ýmiskonar fræðslu og þekkingu sem það annars hefði ekki. Margt af því fólki sem um ræðir kann ekki að lesa, gengur ekki í skóla og lestrarefni er lítið eða ekkert á heimilunum en aðgangur að sjónvarpstæki er til staðar. Það er því augljóst að hér gæti sjónvarpið þjónað hlutverki kennarans og Palmer leggur áherslu á að þessar þjóðir fái aðstoð og kennslu í að framleiða og sýna efni sem hefur fræðandi gildi.<sup>25</sup>

Aðrir hafa bent á þörfina fyrir því í dag að börnum sé kennt í barnaskóla að umgangast fjölmiðlana á réttan hátt. Að þeim sé kennt að vera gagnrýnin á það sem þau lesa, sjá og heyra í margmiðlunarsamfélagi nútímans og að þau læri að flokka gagnlegar og nytsamlegar upplýsingar frá þeim sem ekki eru eins gagnlegar. Í skólanum má kenna þeim að nota sjónvarpið með því að færa það inn í kennslustofuna bæði í bókstaflegum skilningi og myndrænum. Hægt er að leyfa börnunum að horfa á eitthvað efni í skólanum sem síðan er rætt og krufið til mergjar út frá fræðslugildi þess og mögulegum áhrifum á áhorfandann. Einnig er hægt að hafa umræðutíma þar sem börnin ræða um hvað þau hafi horft á í sjónvarpinu í vikunni og hvort þau hafi lært eitthvað á því sem þau sáu, og þá hvað.<sup>26</sup>

Flestum foreldrum finnst eflaust nóg að börnin þeirra horfi á sjónvarpið þegar þau eru heima hjá sér og að það sé alger óþarfi að börnin séu að horfa á það í skólanum líka. En sennilega skiptir mestu máli *hvað* horft er á í skólanum, þegar í fræðsluskyni er horft á mynd eða þátt eða fréttatíma þá horfir málið öðruvísi við að mínu mati. Ég tel verulega þörf á því að börn séu frædd um fjölmiðla, sérstaklega að þeim sé kennt að vera gagnrýnin á það sem þau sjá og heyra, einnig að þau læri að oft býr meira að baki fréttar en virðist við fyrstu sýn.

Ekki er hægt að fjalla um gæði barnaefnis í sjónvarpi án þess að vekja sérstaka athygli á því sem ég tel vera besta sjónvarpsefni sem framleitt hefur verið til margra

<sup>25</sup> Palmer.1997.

<sup>26</sup> Media Awareness Network

ára fyrir börn en það er *Orkuátakið 2003*. Það var átak sem fram fór í október á síðasta ári og átti það að vekja börn og foreldra þeirra til umhugsunar um mikilvægi þess að borða hollan mat og hreyfa sig reglulega. Höfundur þessa átaks er Magnús Scheving. Orkuátakspættirnir í sjónvarpinu voru gerðir með aðstoð *Latabæjar* og íbúa hans, sem mörg börn þekktu fyrir úr bók Magnúsar um *Latabæ*. Þar koma við sögu skemmtilegar persónur, til dæmis Solla stirða sem var í fyrstu svo stirð af hreyfingarleysi að hún gat sig ekki hreyft, Siggi sæti sem borði svo mikið sælgæti alla daga og var orðinn svo feitur að hann gat sig varla hreyft heldur, Goggi sem gerði ekki annað en horfa á sjónvarpið og spila tölvuleiki og er því ekki í góðu formi og margar aðrar persónur sem svipað er ástatt um. Í lok bókarinnar hafa þó allir tekið hamskiptum hvað hreyfingu og mataræði varðar og Orkuátakið tekur upp þráðinn þar og sögupersónurnar kenna nú börnum hvað það er miklu betra að vera vel á sig komin, borða hollan mat og hreyfa sig reglulega heldur en að vera eins og þau voru áður.

Ég hafði tækifæri til að fylgjast með átakinu og áhrifum þess á börn bæði sem móðir fjögurra ára barns og sem starfsmaður í leikskóla þar sem ég var í starfsnámi á þessu tímabili. Það verður að segjast að áhrifin sem efnið hafði á börnin voru mjög mikil hvort sem það var heima hjá mér eða í leikskólanum, börnin fóru að borða grænmeti og ávexti í meira mæli en áður og þau voru mjög meðvituð um hvað þau voru að borða í hverjum matartíma og hvernig sá matur hefði verið búinn til. Margar spurningar kviknuðu varðandi matinn og innihald hans og börnin ræddu mikið saman um hollustu og næringu þess sem á borð var borið. Einna skemmtilegustu samræðurnar um matinn í leikskólanum voru þegar kakósúpa var í matinn. Flokkast ekki kakósúpa undir sælgæti þar sem í henni er kakó og kakó er búið til úr sykri? Jú sumir vildu meina það á meðan aðrir sögðu að það teldist ekki með af því að þetta væri súpa og því matur en ekki sælgæti.

Á þessu tímabili voru börnin einnig afskaplega dugleg að hreyfa sig, út um allan bæ voru krakkar að leika sér úti frá morgni til kvölds og sögðu þá margir að sést hefði til fleiri barna úti á *Orkuátakstímabilinu* heldur en allt árið þar áður. Foreldrar voru einnig mjög virkir með börnunum sínum og sundlaugar, gangstígar, hjólreiðastígar og leiksvæði voru nýtt vel af foreldrum og börnum á tímabilinu sem átakið var. Það er hinsvegar sorgleg staðreynd, samkvæmt minni reynslu, að langflestir gáfu þennan nýja lífsmáta upp á bátinn þegar átakinu lauk, það var eins og blaðra sem sprakk og því hefði ég viljað sjá einhverskonar framhald á því, það hefði getað verið einn þáttur

í sjónvarpinu einu sinni í viku allan veturinn, eitthvað til að minna foreldra og börn á að halda áfram á góðri leið. Ég þekki þó einnig dæmi um að foreldrar hafi nýtt átakið sem upphaf að nýju lífi með bættu mataræði og hreyfingu hjá allri fjölskyldunni og hjá þeim er átakið enn í gangi þó því sé löngu formlega lokið í sjónvarpinu.

Af *Latabæ* er það að fréttu í dag að íbúar hans hafa tekið stefnuna á heimsmarkað og hafa komið sér inná bandarískan sjónvarpsmarkað undir nafninu *Lazy Town* og það er sjónvarpstöðin *Nickelodeon*, sem er ein stærsta sjónvarpstöðin í Bandaríkjunum og sérhæfir sig í útsendingum á barnaefni, sem ætlar sér að sýna þættina og verða þeir alls þrjátíu og fimm talsins. Þegar þetta er skrifað er byrjað að framleiða *Lazy Town* þættina og það er gert hér á landi, sérstakt kvikmyndaver var hannað til þess í Garðabæ enda vildi höfundurinn Magnús Scheving að þættirnir yrðu teknir upp hér á landi því hann óttaðist að þáttunum yrði breytt of mikið ef framleiðslan færi af landi brott. Þannig hefur Magnús náð að skapa fjölda atvinnutækifæra hérlendis því að í kvikmyndaverinu starfa um hundrað og tuttugu manns og eru um níutíu þeirra Íslendingar.<sup>27</sup>

Annað íslenskt barnaefni sem ég tel vera til fyrirmyndar í sjónvarpinu er *Stundin Okkar* (hér eftir kölluð *Stundin*) sem sýnd hefur verið hjá Rúv í marga áratugi. Kynslóðirnar sem á þáttinn hafa horft eru því orðnar fjölmargar og sjálf hef ég fylgst með *Stundinni* í gegn um áratugin, fyrst sem barn sjálf, síðan með yngri systkinum mínum og síðastliðin þrjú ár hef ég horft á þáttinn með syni mínum og við tvö höfum varla misst úr þátt, áhugi okkar og ánægja með þáttinn er það mikil. Þáttastjórnendur *Stundarinnar* hafa verið margir og sumir hverjir orðið mjög vinsælir meðal æsku landsins í framhaldi af því, Felix Bergsson og Gunnar Helgason eru dæmi um það, einnig hafa margar brúður orðið börnum kærar með framkomu sinni í þáttunum, hrafninn Krummi, Glámur og Skrámur og kötturinn Keli eru meðal annarra brúða sem leikið hafa stórt hlutverk í *Stundinni* í gegn um tíðina.

Í dag eru það Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir sem stjórna þættinum og gera það prýðisvel, að mínu mati, þar bregða þau sér í hlutverk Bárðs sem er ofurhetja og kemur frá plánetunni Súper og Birtu sem er bráðger ung stúlka og sem oftast en ekki þarf að kenna Bárði ýmislegt um íslenskt samfélag og menningu. Efnistöðin í *Stundinni* eru alíslensk og fjallað er um það sem er að gerast fyrir börn í samfélaginu og það sem börn eru sjálf að gera. Gjarnan er fjallað um eitthvað eitt ákveðið þema í

<sup>27</sup> Kristján Hjálmarsson.2004:24

hverjum þætti og það er kafið til mergjar, dæmi um slíkt er umræða um heyrnarleysi og táknaál, systkinakærleik og systkinaerjur, stríðni og þannig mætti lengi telja. Birta og Bárður fjalla þá um málið frá ýmsum hliðum, bæði góðum og slæmum en enda alltaf á því að tala um það sem betra þykir. Jóhann segir að hann og Þóra séu vel meðvituð um ábyrgðina sem hvíli á þeim sem þáttastjórnendum og þau geri sér vel grein fyrir áhrifunum sem þau geta haft á börnin með því sem þau eru að fjalla um hverju sinni og þess vegna reyni þau að gera ekki neitt sem gæti komið börnum í hættu eða komið ljótum hugmyndum í kollinn á þeim. Jóhann leggur áherslu á að hann og Þóra líti ekki á sig sem uppalandur barnanna í þjóðfélaginu því að sjónvarpsefni geti aldrei komið í stað handleiðslu foreldra og fyrst og fremst sé *Stundin* skemmtiefni fyrir börn og í gegn um skemmtunina megi læða að börnunum ýmsum fróðleik og hugleiðingum um hvað sé rétt og rangt, gott og slæmt og leggja áherslu á það sem réttara þykir í lok hvers þáttar þannig að börnin eflist ekki í ósóma. Einnig segir Jóhann að í gegnum tölvupóst verði þau vör við að foreldrar séu mjög mikið að horfa á þáttinn með börnunum og það sé auðvitað það sem hann og Þóra vilja því að þannig geti foreldrar talað við börnin sín um það sem er að gerast hverju sinni.<sup>28</sup>

### 1.3.2 Sameiningaráhrif

Eins og ég hef áður komið inná var sjónvarpið í byrjun talið verða til þess að sameina fjölskyldur og halda börnum og unglíngum heima við á kvöldin, það var með öðrum orðum litið á sjónvarpið sem eitthvað mjög jákvætt. Staða sjónvarpsins er í dag allt önnur en hún var í upphafi því að þó að mikið sé um að börn og unglíngar horfi á sjónvarp í dag eru þau ekki að horfa með fjölskyldunni á það jafnvel þó allir séu að horfa á sama efnið. Þetta skýrist á því hversu mörg sjónvarpstæki eru á hverju heimili í dag, ég þekki dæmi þess að fjögur tæki séu á fjögurra manna heimili og það segir sig því sjálft að fjölskyldumeðlimir geta annað hvort verið að horfa á fjórar mismunandi tegundir af efni eða allir á það sama án þess þó að vera saman. Þannig hefur sjónvarpið misst það sameiningargildi sem það hafði áður fyrr þegar að fjölskyldan og /eða vinahópurinn safnaðist saman yfir einhverju ákveðnu efni. Þorbjörn Broddason prófessor við Háskóla Íslands sem frá árinu 1968 hefur staðið fyrir reglulegum rannsóknum á fjölmiðlanotkun barna í Reykjavík, Akureyri og Vestmannaeyjum, staðfestir þetta þar sem að hann segir að niðurstöður nýjustu könnunarinnar bendi til

<sup>28</sup> Jóhann G Jóhannsson, Þóra Sigurðardóttir.2004

Þess að sjónvarpið sé að missa það sameiningarhlutverk sem það hafði áður. Áður fyrr safnaðist fólk saman fyrir framan tækið og var að horfa að mestu að á sömu dagskrá en í dag segist fjórða hvert barn á aldrinum 10-15 ára ekki horfa á sjónvarp með fjölskyldunni daglega en er samt sem áður að horfa á sjónvarpið. Einnig kemur fram í könnuninni að sjónvarpstækjum á íslenskum heimilum hefur fjölgað mikið undanfarin tólf ár en meðalfjöldi sjónvarpstækja á hvert heimili árið 1991 var 1,73 tæki en árið 2003 er talan komin upp í 2,85 tæki.<sup>29</sup>

Mín skoðun er sú að sameiningarhlutverk sjónvarpsins hafi ekki endilega horfið, vissulega minnkað, en fyrst og fremst færst á milli hópa, frá fjölskyldunni yfir í vinahópin. Þannig að þó að börn og unglingar séu ekki að horfa á sjónvarpið heima með fjölskyldunni þá eru þau engu að síður að horfa á sjónvarpið með öðrum. Þannig þekki ég fjölmörg dæmi um að unglingar og ungt fólk sé að hittast heima hjá hvort öðru, skiptast jafnvel á að bjóða heim, til þess að fylgjast með ákveðnum sjónvarpsþáttum og viðburðum sem sýndir eru í sjónvarpinu í dag. Þetta „sameiningar áhorf“ hefur í mínum huga hingað til helst tengst karlmönnum og knattspyrnu útsendingum í sjónvarpinu en á nú við um vinahópa af öllum gerðum. Mér virðist sem „sameiningaráhorf“ hafi aukist mikið með tilkomu veruleikasjónvarpsþátta sem undanfarin ár hafa verið gríðarlega vinsælir meðal áhorfenda og eru helst sýndir hérlendis á Skjá 1 og Stöð 2, þetta eru þættir eins og *Survivour*, *American Idol*, *The Bachelor*, *Americas next super model* og *Joe millionaire*. Fólk hefur gaman af því að hittast og deila hugsunum sínum um framgang mála og síðan er spenna fram að næsta þætti. Ég sé ekki annað en að svona samáhorf sé mjög jákvætt því fólk gefur sér þannig tíma til að rækta vinaböndin og þó að það sé yfir sjónvarpsefni er langt frá því að ekki sé talað saman og haft gaman af að vera saman. Það sem hinsvegar vekur upp spurningar í mínum huga varðandi þessa tegund af sjónvarpsefni og áhrif þess á börn og unglinga, er að þó þættirnir séu ekki bannaðir börnum þá er langt frá því að margir þeirra eigi erindi við börn vegna ljóts orðbragðs, og mannlegrar hegðunar sem er langt frá því að vera til fyrirmyndar. Það á eftir að koma í ljós í framtíðinni hver áhrif veruleikáþátta á börn og unglinga verður en það virðist vera að lítið sé byrjað að rannsaka það enn sem komið er.

---

<sup>29</sup> Morgunblaðið.2004.

### 1.3.3 Umræða

Mér þykir ljóst að sjónvarpið getur haft jákvæð áhrif á börn ekki síður en neikvæð þó að erfiðara sé að finna efni sem fjallar um þá hlið málsins og ekki virðist hafa verið mikið rannsakað af því sem jákvætt mætti telja við það. Reynsla mín af þeim þáttum sem ég hef fjallað um, t.d. Latabæ, segir mér að börn geti lært margt skemmtilegt og fróðlegt af sjónvarpinu og reyndar eru fleiri þættir en ég fjalla um sýndir í íslensku sjónvarpi sem kenna börnunum eitthvað jákvætt og fróðlegt, ég hinsvegar varð að takmarka mig við umfjöllun á því sem mér finnst standa uppúr. Ég tel að foreldrar ættu að nýta tækifærið og horfa með börnunum sínum á slíka þætti bæði til þess að hafa gaman af að vera með börnunum sínum og til að eiga skemmtilegar umræður við þau um það sem fyrir augu ber.

Það kom mér á óvart að heyra frá Jóhanni og Þóru að *Stundin* fái mikið af tölvupósti frá foreldrum og börnum og því meti þau það þannig að mikið sé um að foreldrar horfi á *Stundina* með börnunum sínum. Ég fagna því vegna þess að ég tel sem foreldri og verðandi leikskólakennari að börn þurfi oft að ræða það sem sagt er og horft er á eins og fram hefur komið áður og þarfnist stundum nánari útskýringar á því sem gerist. Þannig tel ég að þau læri mest, það er með því að taka þátt í umræðu um það sem er nýtt um leið og sú nýja þekking er að brjóta sér leið í kollinum á þeim.

Hlutverk sjónvarpsins í samfélagi nútímans hefur breyst mikið frá upphafi og sumir vilja meina að það eigi enn eftir að breytast þannig að sjónvarpið verði sífellt óþarfara, börn og unglingar séu í miklum mæli að snúa sér að öðrum miðli sem eru tölvurnar og heimurinn sem þau komast í kynni við þar. Ég á hinsvegar bág með að sjá fyrir mér nánustu framtíð þannig að börn og unglingar hætti að horfa á sjónvarpið, til þess er það alltof mikill þáttur í daglegu lífi og menningu okkar. Eins og ég sagði áður þá tel ég ekki að áhorf hafi minnkað mikið heldur breyst í gegn um tíðina, að börn og unglingar horfi alveg jafn mikið á sjónvarpið og áður fyrr en munurinn er sá að það á sér nú stað utan heimilisins með vinum eða þá inni í herbergi barnsins/unglingsins þar sem foreldrarnir verða ekki varir við það. Foreldrar eru því lausir við að „rífast“ við barnið eða unglinginn um á hvaða stöð skuli horft eins og trúlega var oft áður fyrr þegar algengt var að eitt sjónvarpstæki væri á heimilinu. Í staðinn hafa foreldrar og uppaldur misst yfirsýn yfir það sem barnið er að horfa á í sjónvarpinu, og nú spyr ég: hvort ætli sé verra?



## 2.kafli Barnaefni í íslensku sjónvarpi

Í þessum kafla fjalla ég um barnaefni sem í boði var 11. og 12.apríl 2004 á sjónvarpstöðvunum tveimur sem sýna barnaefni en það eru Rúv og Stöð 2. Ekkert barnaefni er sýnt á Skjá 1. Ég skoðaði barnaefnið með það í huga að kanna ofbeldi og málfar þess efnis sem sýnt er, þar sem ég tel að þeir þættir geti haft mikil áhrif á börn í gegnum sjónvarpið.

Markmið mitt með könnuninni var fyrst og fremst að komast að því hvort mikið væri um ofbeldisatriði í barnaefninu en það er skoðun mín að svo sé, en einnig vildi ég kanna hversu mikið af efninu væri talsett á íslensku því ég tel það vera eina meginástæðuna fyrir því að börn læri af því sem þau horfa á, jafnvel þó þau horfi meira en hlusti þá tel ég íslenska tungumálið eigi að vera það sem þau heyra frekar en annað tungumál. Ástæðan fyrir því að ég fjalla um barnaefnið á báðum stöðvunum er sú að mig grunar að mikill munur sé á áður nefndum atriðum eftir því hvora stöðina horft er á.

Á Páskadag var sama dagskrá á báðum stöðvunum og er alla aðra sunnudaga en hinsvegar var dagskráin 12.apríl, annan í páskum breytt frá því sem venjulega er um helgar enda er hann í raun auka dagur, þriðji í helgi ef svo má segja og þess vegna var forvitnilegt að sjá hvað bjóða ætti börnum að horfa á þann daginn. Mér þótti tilvalið að velja þessa daga til könnunarinnar jafnvel þó að dagskrárefni væri annað en venjulega því að þannig fengi ég tækifæri til þess að kanna hvort sjónvarpsstöðvarnar sinnu menningarhlutverki sínu á Páskum. Samkvæmt 15.grein útvarpslaga frá árinu 1985 á sjónvarpið að leggja rækt við sögu þjóðarinnar, íslenska tungu og menningararfleið ásamt því að veita almenningi aðgang að fjölbreyttu skemmtiefni sem er við allra hæfi en sérstaklega á að gæta þess að efni fyrir börn sé fjölbreytt og að það sé við þeirra hæfi.<sup>30</sup> Samkvæmt því ætti á páskum að bjóða börnunum að einhverju leyti uppá efni sem tengist páskunum, sögu þeirra og merkingu. Ég geri mér þó grein fyrir að börn eru flest vanaföst og vilja hafa hlutina eins og þeir eru venjulega, þau þekkja jafnvel dagskrárröðina á barnaefninu og vita nákvæmlega hvað er á eftir hverju svo þeim er ekki endilega mikill greiði gerður með því að breyta dagskránni mikið yfir páskana. Vel má vera að það sjónarmið hafi ráðið því að barnaefnisdagskráin er að mestu leyti sú sama á stöðvunum tveimur yfir páskana eins og um venjulega helgi.

---

<sup>30</sup> Ríkisútvarpið

Varðandi ofbeldið kannaði ég hvort finna mætti líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi í barnaefninu, ég leitaði eftir atriðum þar sem verið væri að lemja, sparka, pota, ýta, hrinda, klípa, bíta, slást, henda hlut í einhvern eða áttina að honum, að skilja einhvern út undan, að hóta einhverjum ofbeldi eða lýsa ofbeldisverkum( ég ætla að lemja þig seinna o.þ.h..) að kalla einhvern bjána, kjána, hálfvita, óþokka eða fifl.

Hvað málfarið varðar skoðaði ég hversu mikið af efninu var talsett á íslensku og hversu mikið var textað, hvort talað var vandað og gott mál laust við „slettur“ og tökuorð, hvort málfar var við hæfi efnisinnihalds og þess aldurshóps sem líklegast er að efnið eigi að höfða til, það gerði ég með því að skoða hvort setningar væru stuttar og hnitmiðaðar eða langar og flóknar, og hvort orð og hugtök væru útskýrð nánar þar sem þörf var á. Einnig leitaði ég eftir hvort ljótt orðbragð var viðhaft, blótsyrði og allskonar uppnefni, hvort að tilfinningaorð/kærleiksorð væru notuð s.s. mér þykir vænt um þig, ég elska þig, kæri, kæra, elskan mín, krúttið mitt o.þ.h. Það langaði mig að kanna vegna þess að mín tilfinning var sú að börn heyri mun meira af slæmum orðum en fallegum í sjónvarpinu og mér lék því forvitni á að kanna hvort það ætti við rök að styðjast hjá mér.

Hafa verður í huga að barnaefnið í sjónvarpinu er ekki gefið út fyrir að vera fyrir ákveðna aldurshópa og því er í raun ekki hægt að segja að einhver þáttur sé bara fyrir einhvern ákveðinn aldurshóp en ekki annan. Það er í rauninni huglægt mat þess sem horfir á efnið hvort honum finnist efnið höfða til allra barna eða að það sé frekar fyrir ákveðinn aldurshóp. Við mat mitt á barnaefninu styðst ég við mínar eigin skoðanir og fræðilega þekkingu. Ég tek mið af eigin reynslu og hef t.d. í huga hvað það er sem syni mínum líkar í dag (fjögurra ára) og hvað það var sem hann hafði gaman af þegar hann var yngri, m.ö.o.hvaða efni hann hefur vaxið uppúr. Einnig hef ég í huga það sem áður hefur komið fram, í kafla tvö, að það sem mest hefur áhrif á börn þegar þau horfa á sjónvarpið er það sem þau sjá, það skiptir minna máli hvað þau heyra því þau dæma fyrst og fremst eftir útlitinu.

## 2.1 Könnun á barnaefni 11.apríl, Páskadag

Ég geri nú könnuninni á barnaefninu skil þannig að ég skipti umfjölluninni niður á dagana og byrja því að fjalla um dagskrárliði beggja stöðva á páskadag og síðan dagskrárliði beggja stöðva á annan í páskum. Ég fjalla um hvern dagskrárlið fyrir sig og meta hann út frá ofbeldi og málfari ásamt því að meta hvaða aldurshópi ég tel hann henta best og að lokum mun ég taka saman niðurstöðu mína.

Á Páskadag sýndi Rúv. barnaefni í tvo klukkutíma, frá kl.9-11 að morgni og dagskrárefni var það sama og aðra sunnudaga: Bangsímónsbók, sígild teiknimynd, Guffagrín, Bjarnarból og Babar. Allt þetta efni er talsett á íslensku.

**Bangsímónsbók** segir frá ævintýrum Bangsímón og vina hans, efnið er við hæfi barna frá eins árs aldri og ekkert ofbeldi var í þættinum. Málfar var mjög gott þar sem að útskýringar voru gefnar á orðum og hugtökum sem gætu reynst erfið, enda er Bangsímón gjarn á að segja „hvað áttu við með því?“

**Sígilda teiknimyndin** var í þetta sinn um Guffa, sagan var sögð af sögumanni sem notaði langar og flóknar setningar til að segja frá því sem Guffi var að gera. Ekkert ofbeldi var í þættinum og sígildar teiknimyndir henta öllum aldurshópum þó þær geti orðið málfræðilegar flóknar eins og þessi.

**Guffagrín** fjallar um Guffa og son hans Max ásamt því að segja frá nágrönnum þeirra þeim Píu, Pétri, Þjakk og Pillu. Í þessum þætti kom tvisvar fyrir ofbeldi en málfar var mjög gott og nokkur kærleiksorð komu fram hér ss. „elskan“, „krúsíduíllan mín“ og „ég elska þig“. Guffagrín hentar best börnum frá þriggja ára aldri en söguþráður var helst til hraður og flókin fyrir yngri börn.

**Bjarnarból** segir frá bangsasystkinum og fjölskyldu þeirra og þættirnir henta börnum frá eins til þriggja ára vegna þess hversu krúttlegir og vinalegir bangsarnir eru en vegna einfaldleikans virðast börn vaxa uppúr því að horfa á efnið um þriggja ára aldur. Málfar var mjög gott, einfalt og skýrt og hér var ekkert ofbeldi.

**Babar** fjallar um filinn og konunginn Babar, þegna hans, fjölskyldu og vini. Ekkert ofbeldi var í þættinum og málfar var gott. Babar hentar vel krökkum frá eins til þriggja ára þar sem aðalpersónurnar eru allar vinaleg dýr en það sama á við hér og með Bjarnarból, börn virðast vaxa uppúr því að horfa á Babar.

Annað efni sem var á dagskrá þennan morgun á Rúv. var morgunstundin, sem er í umsjá Þóru Sigurðardóttur og Jóhanns G Jóhannssonar (Þóru og Jóa).

Í morgunstundinni eru stutt atriði með þeim á milli dagskrárliða og í dag voru Þóra og Jói í páskaskapi í tilefni dagsins. Þau töluðu um hvað hefði gerst á páskunum, að Jesús hefði verið krossfestur og risið síðan upp. Einnig voru þau að fönndra páskaskraut og m.a. sýndu þau hvernig á að blása úr eggjum og hvernig er hægt að mála á þau, síðan enduðu þau á að opna páskaegginn sín áður en þau kvöddu. Barnaefnisdagskráin endaði í dag með *Bestu hljómsveit í heimi* sem fjallar um tvo vini, strák og stelpu á skólaaldri (leikin af Selmu Björnsdóttur og Halldóri Gylfasyni) þau eru venjulega ekki á dagskrá á sunnudögum en koma gjarnan fram við hátíðleg tækifæri s.s. afmæli, jól, páska o.s.frv. Í dag voru þau í páskaskapi, borðuðu páskaegg, sömdu páskalag og sungu það ásamt því að velti fyrir sér hvernig stæði á því að Jesú, sem hefði fæðst fyrir stuttu síðan á jólnum hefði fullorðnast svona fljótt og væri núna dáinn.

Á Stöð 2 á Páskadag var dagskrá barnaefnis í fjóra klukkutíma, sem er sami tími og venjulega um helgar eða frá kl. 8-12 og dagskráin var sú sama og hún er á venjulegum sunnudegi, þannig: sjávarsvampar, biblíusögur, vélakrílin, Stewart litli, Batman, He-man, Titeuf, Schinchan, Yo-Gi-Oh, Mr.Bean og Kalli kanína. Af þessum ellefu þáttum voru fimm talsettir á íslensku og sex textaðir.

**Sjávarsvampar** fjallar um Svamp Sveinsson og vini hans í undirdjúpunum, þátturinn var talsettur og málfar var ágætt, tvisvar komu fram orð leiðindaorð „kjánar“ og „ópokkar“, einnig var 1 ofbeldisatriði í þættinum. Börn frá þriggja ára aldri hafa gaman af að horfa á Svamp.

**Biblíusagan** í þetta sinn var um Móses og var talsett, málfar var gott en nokkuð var um flókin orð og setningar án nánari útskýringa á þeim. Orðið „fáviti“ notað í reiði kom einusinni fyrir og ellefusinum mátti sjá ofbeldi í þættinum. Sagan fannst mér ekki hæfa börnum yngri en fjögurra ára vegna þess hversu flókin hún var.

**Vélakrílin** segir frá hópi lítilla vina sem búa á brotajárnshaug og hafa verið sett saman úr slíku rusli, þau töluðu góða íslensku, auðveld orð og stuttar setningar, beittu ekki ofbeldi og höfðu því vel til barna á aldrinum eins til þriggja ára.

**Stuart litli** er lítill hvít mús sem á heima hjá venjulegri fjölskyldu, Stuart þekkja margir úr samnefndri kvikmynd en nú er hann kominn í teiknimyndarþætti. Þátturinn var talsettur og málfar var mjög gott, ekkert ofbeldi kom fyrir. Þátturinn hentar vel börnum frá tveggja ára aldri þar sem þau hafa gaman af að fylgjast með aðalpersónum sem eru í dýralíki og söguþráðurinn er passlegur fyrir börn frá þeim aldri.

**Batman** er ofurhetja og berst við glæpahyski í Gothamborg ásamt því að vera venjulegur maður, Bruce Wayne. Efnið var talsett og málfar gott, ekki of flókið.

Hinsvegar kom ofbeldi fyrir sextán sinnum í þættinum og var helst í formi slagsmála. Börn frá tveggja og þriggja ára aldri, sérstaklega strákar eru heillaðir af Batman en vegna ofbeldisins vil ég ekki mæla með því að börn yngri en fjögurra ára horfi á Batman og þó þykir mér það vera í yngsta lagi.

**He-Man** er önnur tegund af ofurhetju, He-Man er í raun Adam prins, venjulegur ungur maður en getur breytt sér í He-Man og er þá stór, sterkur, öflugur og hugprúður maður sem fær er í flest. He-Man birtist gjarnan þegar þjóð hans (Adams) þarf á að halda, hann berst þá við ill öfl af ýmsu tagi, menn, konur, dreka og skrímli sem oft á tíðum eru öll mjög óárennileg á að líta. He-Man endar hvern þátt á því að tala við áhorfandann og segja frá sem hann vildi kenna áhorfandanum með efni þáttarins. Þátturinn var með ensku tali en textaður á íslensku og það var ágætlega gert. Ofbeldisatriði í þættinum voru fimmtán talsins. Þátturinn hentar að mínu mati ekki börnum yngri en sex-sjö ára vegna þess hversu mikið ofbeldi var í honum og einnig vegna þess að útlitið á mörgum af þeim sem eru óvinir He-Man var mjög ógeðfellt t.d. er einn af þeim beinagrind sem gengur um í svartri hempu.

**Tieuf** segir frá stráknum Tieuf og vinum hans og hvað þeir bralla saman, þátturinn var á léttum nótum og húmorinn var dálítið dulinn í málfarinu sem var enska, þátturinn var vel textaður. Ofbeldisatriði var eitt. Þátturinn hæfir best börnum eldri en sex ára vegna þess að þau eiga auðveldara með að samsvara sig Tieuf þar sem það lítur út fyrir að hann sé á aldrinum sex-átta ára þó það komi ekki fram. Það er þó ekkert að því að yngri börn horfi á þáttinn.

**Shinchan** er óskaplegur ólátabelgur og hann gerir mömmu sinni gjarnan lífið leitt með uppátækjum. Ekkert ofbeldi var í þættinum og Shinchan var ekki talsettur. Ég á erfitt með að átta mig á hvaða aldurshópur hefur mest gaman af þessum þættir þar sem mér þótti gamansein ekki vera við hæfi eða skilning barna nema þau séu hreinlega farin að lesa textann á skjánum.

**Yo-Gi-Oh** er þáttur sem er á svipuðum nótum og Pokémon var fyrir nokkrum árum, gengur út á að krakkar safni spilum eða kortum með myndum af einhverjum skepnum, síðan spila þau á móti hvort öðru og geta þannig unnið kort af hvort öðru. Þátturinn var með ensku tali og íslenskum texta og ofbeldi kom þrisvar fyrir. Þátturinn hæfir best börnum eldri en sjö ára vegna þess hversu flókin atburðrásin var og hversu mikillar athygli hún krefst af áhorfandanum.

**Hr. Bean** þekkja flestir úr sjónvarpinu þar sem hann var leikinn af Rowan Atkinson, hér er hr. Bean komin í teiknimyndform en það litla sem hann talar(sem aldrei hefur

verið mikið)er talsett af Rowan Atkinson sjálfum og er því textað á íslensku. Þetta er þáttur fyrir börn á öllum aldri, enda inniheldur hann ekkert ofbeldi, mjög léttan söguþráð og gott grín.

**Kalli kanína** er sígildur og hefur verið til síðan ég man eftir mér. Það var ekki mikið talað í þættinum en það var á ensku og því textað, engin nauðsyn er þó að skilja það sem sagt er til þess að geta skilið söguþráðinn. Ofbeldi kom tvisvar fyrir í þættinum. Börn á öllum aldri hafa gaman af Kalla kanínu.

## 2.2 Könnun á barnaefni 12.apríl, annan í páskum

Dagskráin hjá Rúv. var frá 9-11:25 eða tveir klukkutímar og tuttugu og fimm mínútur og hófst á atriði með Þóru og Jóa í **morgunstundinni** þar sem þau voru á skíðum á Dalvík. Atriði með þeim voru svo á milli dagskrárliða og þar töluðu þau um skíðaútbúnað, öryggisatriði og ýmislegt annað tengt skíðamennsku. Ekkert var um ofbeldi og málfar var mjög gott.

**Bláklukkukanínurnar** segir frá kanínufjölskyldu, þar sem systkinin eru sex talsins og ýmislegt getur gengið á. Þessi kanínufjölskylda hefur áður skotið upp kollinum á páskum þó að í dag væri ekkert sérstaklega páskalegt við þáttinn. Talsett var á íslensku á mjög góðu máli, og ekkert ofbeldi kom fyrir. Mér virðist sem þátturinn sé mest við hæfi yngstu barnanna, 1-3 ára, enda gaman fyrir börn á þeim aldri að fylgjast með söguhetjunum af því þær eru fallegar kanínur sem auðvelt er fyrir þau að tengjast.

Í **tónlistarhorninu** söng Anna Pálína Árnadóttir nokkur lög og ræddi um takt í lögum, hvernig væri hægt að syngja lög of hægt og of hratt. Mjög gott mál var talað þar, hugtök og orð útskýrð á einfaldan hátt.

**Pjakkur kanínustrákur** fjallar um Pjakk og fjölskyldu hans og vini. Hjá þeim voru páskar og þau voru að búa til og skreyta með páskaskrauti. Þátturinn var talsettur og málfar var gott og ekkert ofbeldi var viðhaft. Mér virtist þessi þáttur henta yngstu börnunum vel þar sem hann var einfaldur í alla staði, ekki flókinn söguþráður né flókið talmál og aðalsöguhetjunnar kanínur, sem flestum börnum finnst fallegar.

**Leikfangasaga** (Toy Story) Teiknimynd í fullri lengd. Í henni er sagan sögð frá sjónarhóli leikfanga sem strákurinn Addi á. Myndin er nokkurra ára gömul og mörg börn hafa eflaust séð hana áður. Hún var talsett á mjög skemmtilegan hátt en nokkur leiðinleg orð koma fyrir í henni ss. „heimskingi“, „hundingi“, „aumingi“ og

„morðingi“. Kærleiksorðið „elskan mín“ kom tvisvar fyrir og nokkur ofbeldisatriði voru í myndinni sem flest tengjast slagsmálum, alls sjö talsins.

Á stöð 2 var barnaefnið frá kl.8-12:20 eða fjóra klukkutíma og tuttugu mínútur og byrjaði með þætti af **Bíblíusögu** sem í þetta sinn var um sögu páskanna, fjallaði um Jesú og síðustu kvöldmáltíðina, krossfestinguna og upprisu hans. Sagan var talsett og málfar var gott en mjög mikið var um flókin orð og setningar enda var sagan mjög trú frásögninni úr Biblíunni. Ofbeldisatriði voru nokkuð mörg eða tólf talsins, enda eins og áður sagði var sagan trú frásögn Biblíunnar af atburðinum. Sagan á vissulega erindi við flest börn á páskum, hinsvegar er hún dæmigerð fyrir efni sem krefst þess að foreldri horfi með barninu til þess að auðvelda því að skilja það sem fram fer og af hverju, sagan var nokkuð flókin fyrir þau, auk þess sem talmálið var í þyngsta lagi. Ég geri ekki ráð fyrir að börn yngri en sex ára hefðu skilið söguna án aðstoðar, hinsvegar er hún við allra hæfi, og ekki síst barna sem alin eru upp í kristinni trú og þekkja eitthvað til Jesú og þess sem gerist í Biblíunni.

**Sesam opnast þú** er þáttur með blandað efni, brúðurnar Bert og Árni komu fram en þeir, ásamt mörgum stuttum teiknimyndasögum kenna börnum ýmislegt sem nauðsynlegt er að vita eða kunna. Þátturinn er því í raun kennsluþáttur því að í honum var fjallað um bókstafi, tölustafi, hugtökin samlagningu og frádrátt ásamt hugtökunum áfram og afturábak. Efnið var talsett og ekkert ofbeldi kom fyrir. Sesam er þáttur fyrir börn á öllum aldri, yngstu börnin hafa gaman af figúrunum sem koma fyrir á meðan þau eldri hafa gaman af að læra eitthvað ákveðið sem fjallað er um.

**Stuart litli** var á dagskrá líkt og í gær og engu er nauðsynlegt að bæta við umfjöllunina sem hann fékk hjá mér þá, því þátturinn í dag var alveg jafn mikið gæðaeefni og í gær.

**Ævintýraeyja prúðuleikarana**(Muppet treasure island) var heil bíómynd, þar sem brúður léku aðalhlutverkin ásamt nokkrum manneskjum. Sagan sagði frá dreng sem fann fjársjóðskort sem sjóræningjar höfðu áður átt og vildu aftur komast yfir og hann lenti svo í miklu ævintýri við að finna fjársjóðinn og komast undan sjóræningjunum.

Myndin var með ensku tali og íslenskum texta og mörgum sönglögum. Ofbeldi kom tíu sinnum fyrir sem þó var ekki eins mikið og ég átti von á miðað við söguþráðinn. Sagan hentar ekki öllum börnum, ekki þeim yngstu því margar persónurnar, sérstaklega sjóræningjarnir sem eru allflestir brúður eru afskaplega ljótar útlits og eru því líklegar til að skelfa yngri börn þar sem að þau dæma það sem þau sjá eftir útlitinu.

**Dagbókin hans Dúa** segir frá stráknum Dúa, hundinum hans og vinum en Dúi skrifar einmitt það sem á daga hans drífur í dagbók og segir okkur frá því um leið. Efnið var talsett og ekkert ofbeldi kom fyrir. Öllum ætti að vera óhætt að horfa á Dúa en ég tel hann samt henta best börnum eldri en fjögurra ára því söguþráðurinn var erfiður að fylgja og krefst skilnings á ýmsu sem eldri börn skilja betur, en Dúi er líklega um tíu ára gamall.

**Drekaflugur** gerist í framtíðinni og segir frá hópi fólks sem ferðast um á fljúgandi drekum og berst við Drýsla sem eru hálfir menn og hálfir drekar. Efnið var talsett og var það vel gert, hinsvegar var mjög mikið af ofbeldi, alls voru tuttugu og fjögur atriði í þessum eina þætti. Mér þótti sagan ekki fjalla um neitt ákveðið annað en bardaga og slagsmál milli þessara tveggja flokka, manna og Drýsla og vegna ofbeldisins sem að mínu mati var skelfilega mikið í einum þætti, mæli ég ekki með Drekaflugum fyrir nokkur börn. En ég geri ráð fyrir að efnið sé markaðsett fyrir börn eldri en sex ára og ég geri ráð fyrir að tíu til tólf ára gömul börn hefðu einhverja skemmtun af þessu efni

**Náttúran** í boði Toyota ( World of wild life with Toyota) er fræðsluþáttur og fjallaði að þessu sinni um stöðu dýra í Afríku. Skoðað var hver er leiðtögin og af hverju, hverjir koma þar næstir og þannig áfram, einnig var fjallað um stöðu dýranna gagnvart öðrum dýrum. Efnið hentar börnum á öllum aldri, það er með ensku tali og textað en með því missir það nokkuð marks því þó að flest börn hafi gaman af að horfa á dýrin sem lifa í Afríku og fylgjast með lifnaðarháttum þeirra þá tel ég að fræðslugildi þáttarins væri mun meira væri hann talsettur.

### 2.3 Niðurstaða könnunar

Ég skoðaði barnaefni sem samanlagt var 12 klukkutímar og 55 mínútur. Sé efni stöðvanna lagt saman voru ofbeldisatriði 104 talsins, sem gerir 7,45 atriði á klukkutíma að meðaltali. Hinsvegar er ekki sanngjarnt að setja dæmið upp sem eitt heildardæmi vegna tveggja atriða, í fyrsta lagi vegna þess að barnaefni stöðvanna var að mestu leyti sýnt á sama tíma á stöðvunum tveimur og því hafa börn þurft að velja á milli stöðvanna og ekki geta séð þessa tæpu 13 tíma af efni nema það hafi verið tekið upp á myndband fyrir þau, sem er ólíklegt en gæti engu að síður gerst. Í öðru lagi vegna þess að það er mjög mikill munur á fjölda ofbeldisatriða milli stöðvanna og því mun ég nú sundurliða það.

Á þessum tveimur dögum var sýningartími barnaefnis á Rúv 4,25 klst. og sýndir voru 12 dagskrárliðir. Aðeins komu fyrir 9 ofbeldisatriði og skiptast þau milli daganna



Þannig að fyrri daginn voru atriðin 2 og seinni daginn 7. Ofbeldi í barnaefni Rúv þessa daga var því að meðaltali 2,1 atriði á klukkustund.

Stöð 2 sýndi barnaefni í helmingi lengri tíma eða 8,30 klst. og dagskrárliðir voru 16 talsins. Í þessum dagskrárliðum kom ofbeldi fyrir 95 sinnum, 49 sinnum fyrri daginn og 46 seinni daginn. Það gerir 11,4 atriði á klukkustund að meðaltali þessa daga. Þó að Stöð 2 hafi sýnt fjórum fleiri dagskrárliði og fjórum tímum meira af efni er engu að síður ljóst að ofbeldisatriði í barnaefni Stöðvar 2 voru mun fleiri en á Rúv þá daga sem könnunin var gerð.

Talsett efni er í meirihluta þess sem sýnt var og þar er Rúv til fyrirmyndar með allt efnið talsett á meðan Stöð 2 var með níu þætti talsetta og átta textaða. Málfar þess barnaefnis sem talsett er á stöðvunum var í flestum tilfellum mjög gott, skýrt og skiljanlegt.

Tilfinninga/kærleiksorð komu fimm sinnum fyrir og þau voru: elskan, elskan mín(2), krúsidúllan mín og ég elska þig. Orð sem ég flokkaði sem óæskileg voru sjö talsins; óþokkar, fáviti, hundingi, aumingi, morðingi, heimskingi og kjánar.

Menningarhlutverki sínu á páskum sinntu stöðvarnar vel að mínu mati því að páskaefni- og umræðu var gefinn tími í barnaefni beggja stöðvanna. Eins og kom fram í upptalningu efnisins var á Rúv ein teiknimynd þar sem páskar voru í söguþræði án þess þó að fjalla nánar um þá, um það sáu í staðinn Þóra og Jói og sögðu stuttlega frá sögu páskanna. Stöð 2 stóð sig kannski betur hvað þetta varðar að því leyti að þar var sýnd Biblíusagan um aðdraganda páskahátíðarinnar, síðustu kvöldmáltíðina, krossfestingu og upprisu Jesú, það tel ég að hafi meira gildi en margt annað efni sem fjallar ekkert um uppruna páskanna og hefðir þeim tengdar, þó páskarnir komi fyrir á einhvern hátt í söguþræðinum.

## 2.4 Umræða

Mér fannst vera mikill munur á því efni sem stöðvarnar sýndu, og þótti mér persónulega efni Rúv meira við allra hæfi heldur en það sem sýnt var á Stöð 2. Mikill munur var á ofbeldisatriðum milli stöðvanna, það var mun meira á Stöð 2 heldur en á Rúv og ég fullyrði miðað við reynslu mína af stöðvunum tveimur að þessi munur er ekki einungis bundinn við þá daga sem könnunin var gerð því að barnaefnið sem Stöð 2 sýnir reglulega er mun grófara að innihaldi en það sem sýnt er á Rúv. Ég tel þennan mikla mun sem er á stöðvunum varðandi þetta athyglisverðan og verðugt rannsóknarefni væri að komast að því hverjar ástæðurnar gætu verið. Hjá mér vakna

spurningar um það hvort áherslur stöðvanna í barnaefni geti virkilega verið svona ólíkar, hvernig innkaupastjórar barnaefnis á stöðvunum velja barnaefnið sem þeir kaupa, hvert er viðmið þeirra og er það kannski með ráðum gert að bjóða uppá svona ólíkt efni, getur verið að skýringanna sé að leita í menntun og/eða kynferði innkaupastjóra eða umsjónarmanna dagskrárgerðar? Athyglisvert væri að fá svör við þessum spurningum en það býður betri tíma og verður ekki gert í þessari ritgerð.

Það er að mínu mati Stöð 2 í óhag hversu mikið af barnaefninu er textað því ég þekki nokkur dæmi þess að foreldrar velji frekar efni sem er á íslensku fyrir börnin sín að horfa á. Samkvæmt útvarpslögum<sup>31</sup> eiga sjónvarpstöðvar m.a. að leggja rækt við íslenska tungu og að mínu mati ætti það að vera ein af frumskyldum sjónvarpstöðvanna að bjóða börnum upp á talsett efni. Ég held að mikil hætta sé á að sú fræðsla eða sá boðskapur sem reynt er að koma til barnanna í gegn um barnaefnið, glatist þegar þau horfa bara á efnið en skilja ekki hvað verið er að fjalla um. Þeir þættir sem ekki eru talsettir hjá Stöð 2 þyrftu, að mínu mati, að vera það til þess að efni og innihald komist á réttan hátt til barnanna t.d. fer grínið í Tieuf fyrir ofan garð og neðan hjá börnum sem ekki lesa texta og söguþráðurinn í He-Man verður ekki eins skiljanlegur og hann væri á íslensku.

Ég fór af stað með þessa könnun til þess að komast að því hvort mikið væri um ofbeldi í því barnaefni sem íslensku stöðvarnar bjóða börnum uppá, tölurnar sýna að mínu mati glöggst að svo sé en þó það sé að mestu bundið við aðra sjónvarpstöðina þá er að mínu mati allt of mikið um efni sem inniheldur ofbeldi..

Málfar efnisins þar sem það var íslenskt var mjög gott og hentaði oftast vel efninu. Ég átti fyrirfram von á að finna meira af óæskilegum orðum en þessi sjö sem ég fann og ég átti einnig von á að finna færri orð tilfinningalegs eðlis heldur en þau fimm sem ég fann. Mér virðist því samkvæmt þessu ekki vera eins mikill munur á fjölda óæskilegra og æskilegra orða eins og ég hafði áður haldið.

---

<sup>31</sup> Rúv

### 3.kafli Árvekni foreldra gagnvart fréttáhorfi

Ég tel að margir mættu gefa því meiri gaum hvernig börn bregðast við fréttum, sérstaklega þeim sem þau sjá því að mynd segir meira en þúsund orð fyrir börn.

Fréttir eru oft stór hluti af því sjónvarpsefni sem börn hafa í sínu umhverfi og því sjá þau oft atriði úr þeim þó þau séu sennilega sjaldnast að horfa á allan fréttatímann.

Ég mun því stuttlega ræða nokkur atriði varðandi fréttir og áhorf barna og þá sérstaklega hlutverk foreldra.

Dr. Joanne Cantor segir að börn eigi ekki að horfa á fréttir af atburðum sem geti haft gríðarlega slæm áhrif á þau, stríð og hryðjuverkaárásir eru meðal þess sem hún nefnir. Þegar hryðjuverkaárásin var gerð á Bandaríkin 11.september 2001 var skiljanlega ekkert annað í fréttum og atvikið og afleiðingarnar voru sýnd aftur og aftur dögum, vikum og mánuðum saman. Svoleiðis ætti að hlífa börnum við að sjá. Yngstu börnin skilja ekki endursýningarnar og halda að atburðurinn hafi endurtekið sig. Cantor mælir með því að foreldrar sem hafa þörf á að fylgjast með frétttaflutningi af atburðum sem þessum reyni að horfa þegar börnin eru ekki nálægt.<sup>32</sup>

Elín Hirst sem er fréttastjóri hjá Rúv segir að það sé nauðsynlegt að foreldrar séu á varðbergi gagnvart fréttum í sjónvarpinu, jafnvel þó að vissar vinnureglur séu á fréttastofunni varðandi sýningu á óhugnanlegum myndskleiðum í fréttum þar sem vara á við þeim svo forða megi börnum frá sjónvarpinu. Elín bendir foreldrum á að hugsa um að margt sem sagt og sýnt er í fréttum um stjórnsmál, stríð, hryðjuverk og afbrot sé ekki við hæfi barna og geri þau áhyggjufull og kvíðin.<sup>33</sup>

Að mínu mati má flokka foreldrar í nokkra hópa þegar kemur að árvekni vegna fréttatíma sjónvarpsins. Ég vil taka það skýrt fram að þetta er eingöngu mín skoðun sem ég byggi aðeins á reynslu minni af þeim sem í kring um mig eru.

Í *fyrsta flokk* set ég þá foreldra sem hugsa lítið sem ekkert um það að börnin taki eftir því sem þau sjá í sjónvarpsfréttunum, þeir gera ekki ráð fyrir að börnin séu að horfa og hlusta, hvað þá að þau skilji það sem er verið að fjalla um, svo að á þeim heimilum er kveikt á fréttatímanum án þess að hugsað sé nánar út í það. Þessi aðferð er að mínu mati algeng á íslenskum heimilum, hér eru börnin skilin eftir með það sem þau sjá og heyra án þess endilega að þau skilji það. Ég held að slíkt geti valdið miklu hugarangri hjá börnunum þó að það komi ekki endilega fram strax á eftir. *Annar flokkur* foreldra

<sup>32</sup> Cantor.2002b.

<sup>33</sup> Linda Blöndal.2003:49

eru þeir sem bókstaflega slökkva á fréttatímanum þegar verið er að fjalla um eitthvað sem ekki er við hæfi barna, sem reyndar hefur verið mikið um í vetur vegna stríðsrekstrar í Írak. Þetta eru foreldrar sem annaðhvort kveikja og slökkva á víxl eða hætta bara að horfa þegar frétt kemur sem ekki er við hæfi barnanna. Þessir foreldrar verða líka að geta útskýrt af hverju þeir eru að gera þetta svona því að líklegt er að barnið taki eftir því sem fram fer. *Þriðji flokkur* foreldra eru þeir sem kveikja ekki á fréttatíma sjónvarpsins á kvöldmatartímanum heldur láta sér nægja að horfa á seinni fréttatíma sjónvarpsins klukkan 22, þá eru börnin örugglega komin í rúmið og geta ekki hlotið skaða af frétttaflutningi dagsins. Á þeim heimilum er engin áhætta tekin með það að raska hugarró barnsins og þá þarf heldur ekki að taka á neinum afleiðingum tengdum því. *Í fjórða* og síðasta flokk set ég foreldra sem hafa kveikt á sjónvarpsfréttunum sama hvað á dynur þar en þeir gera sér hinsvegar grein fyrir að börnin þurfi kannski að fá útskýringar á því sem þau sjá og eru tilbúnir að taka á því, þessir foreldrar hugsa sem svo að það sem er í sjónvarpsfréttunum sé lífið sjálft og ástæðulaust sé að fela það fyrir börnunum, svona er jú heimurinn.

Samkvæmt því sem Cantor segir eru aðferðir foreldra í öðrum og fjórða flokki réttar, það er að segja hún mælir með því, eins og áður sagði, að fólk horfi á fréttirnar þegar börnin eru ekki nálægt, sérstaklega þegar vitað er að þær eru slæmar. Foreldrarnir sem eru tilbúnir eru að ræða við börnin sín og útskýra fyrir þeim hvað það er sem þau eru að sjá og heyra fara einnig rétt að þó að vissulega tengist það aldri barnsins.<sup>34</sup> Linda Blöndal blaðamaður vitnar í Cantor í grein sinni í desemberblaði Uppeldis 2003 þar sem hún fjallar um börn og fréttir. Þar hefur Linda eftir Cantor að fréttirnar megi nýta til þess að eiga fróðlegar umræður við barnið, það fari þó eftir aldri barnsins, velta má fyrir sér með barninu af hverju tiltekin frétt er sýnd, hvað má læra af henni, af hverju það sem gerðist gæti hafa gerst, siðfræði almennt, misjöfn tækifæri fólks í lífinu og ýmsar aðrar umræður sem kvikna við áhorf á fréttirnar. Aðalatriðið sé að barnið hafi einhvern fullorðinn við hlið sér sem er tilbúinn að hlusta og ræða málin<sup>35</sup>

---

<sup>34</sup> Cantor.2002b

<sup>35</sup> Linda Blöndal.2003:51

## 4.kafli Áhrif og ábyrgð foreldra

Ég met það svo að við sem erum foreldrar berum alla ábyrgð á því hvernig börnin okkar horfa á sjónvarpið og hvað það er sem þau horfa á. Við getum ekki velt ábyrgðinni á því yfir á aðra í þjóðfélaginu, hvort sem það eru sjónvarpstöðvarnar, kvikmyndahúsin eða skólarnir. Það er heima hjá okkur foreldrunum sem börnin fá fyrst að horfa á sjónvarpið, oft undir eins árs aldri og það er því okkar að sjá til þess að hafa reglur um áhorf heima við og krefjast þess að farið sé eftir þeim.

Eitthvað er um að rannsóknir hafi verið gerðar á því hvernig foreldrar hafa áhrif á sjónvarpsnotkun barna sinna og meðal annars er ein slík rannsókn íslensk, sú eina sinnar tegundar sem gerð hefur verið hérlandis. Skoðun nú nánar þá rannsókn og niðurstöður hennar ásamt annarri erlendri um sama efni.

### 4.1 Rannsóknir

Íslenska rannsóknin kannaði áhrif fjölskyldunnar á sjónvarpsnotkun íslenskra barna. Hana gerði Guðbjörg Hildur Kolbeins, lektor í fjölmiðlafræði sem hluta af doktorsritgerð sinni. Markmið hennar var að kanna hvaða áhrif samskipti barna og unglinga við foreldra sína hefði á sjónvarpsnotkun þeirra. Börn í 7.-10.bekk í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ og Hafnarfirði voru beðin að vinna spurningarlista, alls voru 700 börn sem tóku þátt.<sup>36</sup>

Niðurstaðan var sú að því betri sem fjölskyldutengslin eru því líklegri eru börn og unglingar til þess að horfa á sjónvarpið í því skyni að fræðast af því, ræða um það efni sem þau sjá og eyða tíma með fjölskyldunni, þannig horfa þau meira íþróttir og barna- og fjölskylduefni og það á við um bæði kynin en stelpur horfa einnig meira á fréttatengt efni. Ef hinsvegar fjölskyldutengslin eru slæm eru meiri líkur á að börn og unglingar horfi á sjónvarp einungis til að horfa á það, þeim leiðist og hafa ekkert annað að gera og það hefur einnig áhrif á hversu mikið þau horfa á ofbeldistengt efni og hversu mikla ánægju þau hafa af því. Guðbjörg bendir á að þessar niðurstöður segja okkur skýrt að góð samskipti milli barna og foreldra hafi bein áhrif á sjónvarpsnotkun þeirra, samskiptin við foreldrana móta sjónvarpsnotkun barnanna vegna þess að með því að fá þörfum sínum fullnægt í daglegum samskiptum við foreldra og systkini leita börnin síður í að fá þeim þörfum fullnægt með sjónvarpsáhorfi. Samskiptin við foreldrana hafa einnig áhrif á það hverskonar efni

<sup>36</sup> Guðbjörg Hildur Kolbeins.2000a.

börnin velja sér til að horfa á í sjónvarpinu því eins og áður sagði eru minni líkur á að þau horfi á ofbeldistengt efni en velji sér frekar barna og fjölskylduefni að horfa á þegar fjölskyldutengslin eru góð.

Foreldrar geta því haft bein áhrif á sjónvarpsnotkun barna sinna með því að veita þeim meiri tíma, alúð og umhyggju og með því að fylgjast vel með lífi þeirra utan heimilisins. Með því einu að bæta tilfinningatengsl og samskipti við börnin sín geta foreldrar komið í veg fyrir að sjónvarpið hafi áhrif á þau.<sup>37</sup> Guðbjörg bendir einnig á að sterk tengsl séu á milli þess hvað foreldrar horfa mikið á sjónvarp og hversu mikið börnin horfa og að auki hafa börn tilhneigingu til að horfa á það sama og foreldrar þeirra.<sup>38</sup>

Rannsókn sem gerð var 1991 af Michelle St. Peters og kollegum hennar var svipuð rannsókn Guðbjargar, þar voru skoðuð áhrif fjölskyldunnar á sjónvarpsnotkun barna og á hvernig efni börn horfðu á með foreldrum sínum. Niðurstaðan var sú að til væru fjórir flokkar foreldra sem væru ólíkir að því leyti hvaða afstöðu þeir tækju til sjónvarpsáhorfs barna sinna. Flokkarnir eru; *afskiptalausir foreldrar* (laissez faire) eru þeir sem nota fáar reglur en hvetja ekkert sérstaklega til áhorfs, *takmarkandi foreldrar* (restrictive) eru þeir sem hafa strangar reglur um áhorf og hvetja lítið til þess, *eflandi foreldrar* (promotive) eru þeir sem hafa fáar reglur varðandi áhorf og hvetja mikið til þess að horft sé og *vandlátir foreldrar* (selective) eru þeir sem hafa strangar reglur varðandi áhorf og hvetja til þess að horft sé á vissar tegundir efnis í sjónvarpinu.

Börn horfðu misjafnlega mikið á sjónvarp og á ólíkt efni allt eftir því hvaða flokki foreldrar þeirra tilheyrðu, þau börn sem horfðu minnst á sjónvarpið áttu foreldra sem flokkuðust sem takmarkandi og þegar þau horfðu var það oftast á barnaþætti og fræðsluþætti fyrir börn. Þau börn sem mest horfðu á sjónvarpið voru þau sem áttu foreldra í flokki eflandi foreldra, þau börn horfðu ekki bara mikið á barnaefni heldur einnig á efni ætlað fullorðnum s.s.ýmsa gamanþætti, spurningarþætti, dramapætti og spennuþætti.<sup>39</sup>

Það liggur fyrir að áður nefndar rannsóknirnar gefa báðar sömu niðurstöðu, að eftir því sem fjölskyldutengslin eru betri þeim mun meiri líkur eru á að börn horfi á það sem telst jákvætt sjónvarpsefni, íþróttir, barna-og fjölskylduefni. Það leiðir huga minn að

<sup>37</sup> Guðbjörg Hildur Kolbeins.2000a.

<sup>38</sup> Guðbjörg Hildur Kolbeins.2000b.

<sup>39</sup> Bee.2000:424

Því hversvegna svo sé, getur það verið vegna þess að foreldrarnir horfi með börnunum á það efni og spjalli við þau um það sem fyrir augu ber og þess vegna hafi börnin meiri áhuga á þessari tegund sjónvarpsefnis en annarri? Mér þykir það líklegt þó að ekkert sé sagt um það í niðurstöðunum.

En nú ætla ég að skoða nánar hvað það er sem foreldrar geta gert til að hafa áhrif á sjónvarpsáhorf barna sinna og hvað þeir geta gert til þess að hafa áhrif á það sem sýnt er í sjónvarpinu.

#### 4.2 Hvað geta foreldrar gert?

Í ljósi þess að foreldrar hafa mikil áhrif á börnin sín þegar sjónvarpsáhorf er annars vegar má vera ljóst að það er heilmargt sem þeir geta gert þegar þeir leggja drög að áhorfsvenjum barnanna sinna þegar þau byrja að horfa á sjónvarp eða ef þeir þurfa að breyta áhorfsvenjum barnsins.

Reglur um sjónvarpsáhorf á heimilinu eru best til þess fallnar að hafa áhrif á hvað börn eru að horfa á og hvað lengi, foreldrar geta takmarkað þann tíma sem börnin mega eyða fyrir framan sjónvarpið, það getur verið í formi reglu um að ákveðið miklum tíma megi eyða hvern dag í sjónvarpið eða yfir vikuna. Foreldrar ættu að hvetja börnin sín til þess að nýta tímann í eitthvað annað og betra, að eiga áhugamál og sinna þeim t.d. íþróttæfingar af einhverju tagi eða að eyða tímanum með vinum í stað sjónvarpsáhorfs.<sup>40</sup>

Barbara F Meltz gefur foreldrum ráð varðandi sjónvarpsáhorf í bók sinni *Put yourself in their shoes; understanding how your children think* og þar nefnir hún að nauðsynlegt sé fyrir foreldra að horfa á sjónvarpið með börnunum sínum, því þannig geti þeir best komist að því hvað það er sem hefur mestu áhrifin á barnið og einnig geti þeir sett fram athugasemdir við það sem er að gerast um leið og það gerist og þannig eru meiri líkur á að barnið meðtaki það sem foreldrið segir um efnið. Með því að horfa með barninu eru foreldrar betur undir það búnir að neita barninu um að horfa vegna þess að nú getur foreldrið rökstutt út frá myndinni t.d. sagt við barnið að það sé ekki nógu gamalt til að meðtaka skilaboð þessarar myndar eða að áhrifin af henni séu ekki góð eða að þarna séu gildi sem okkar fjölskylda vill ekki við hafa. En það er alls ekki nóg að horfa bara á einn þátt af hverju tagi með barninu, það er ekki nóg til þess að foreldrið sjái innihaldið í réttu ljósi, skoða þarf efnið með nokkurra þátta millibili til að fá raunsæja mynd af því sem gerist.. Annað sem er mjög mikilvægt fyrir foreldra

<sup>40</sup> American Psychological Association

að venja sig á er að fara ekki frá barninu yfir sjónvarpinu á meðan auglýsingahlé er því að auglýsingar eru afskaplega oft ekki við hæfi barna og börn geta ekki „skrúfað fyrir“ þær eins og fullorðnir gera og verða því fyrir miklum áhrifum af þeim<sup>41</sup>

Dr. Joanne Cantor hefur einnig tekið saman nokkur ráð fyrir foreldra um það hvernig þeir geti haft víðtæk áhrif á sjónvarpsáhorf barna, ekki bara innan veggja heimilisins. Hún segir að slíkt sé nauðsynlegt og það sé ekkert að því að láta aðra vita af því hvernig reglum barnið þitt er vant að fara eftir því að sem foreldri viljir þú gera sem mest til þess að halda þeim. Hún hvetur því foreldra barna til að tala saman um þetta mál, sé barnið í vinahópi sem oftast en ekki er, hvetur hún til þess að foreldrarnir geri hverjir öðrum grein fyrir þeim viðhorfum sem þeir hafa til sjónvarpáhorfs og af hverju þeir hugsi þannig því að þannig megi koma í veg fyrir misskilning og leiðindi milli heimila. Einnig segir hún að mikilvægt sé að heimili og skólar vinni saman í þessum málum líkt og öðrum, skólar geti sem dæmi boðið foreldrum uppá fyrirlestra frá fólki sem vinnur að rannsóknum varðandi börn og sjónvarp, sálfræðingum og sérfræðingum á ýmsum sviðum. Sjálf gerir Cantor mikið af því að halda fyrirlestra fyrir foreldra í skólum, heilsugæslustöðvum og dagvistunum. Mikilvægt er að foreldrar tali saman um þessi mál, stofni jafnvel félög og samtök og sérstaklega er mikilvægt að þeir láti í sér heyra opinberlega en ekki bara á lokuðum fundum, segir Cantor. Hún mælir með því að foreldrar kvarti til sjónvarpstöðvanna þegar þeim blöskrar það efni sem sýnt er á meðan börn eru að horfa, hvort sem þeir geri það sem einstaklingar eða hópur. Ein áhrifaríkasta leiðin til þess að fá athygli sjónvarpstöðvanna segir Cantor, er að vekja athygli á málinu í dagblöðum, því fæstar sjónvarpstöðvar vilja fá neikvæða umfjöllun af nokkru tagi. Einnig er með því vakin athygli annarra foreldra á málinu, foreldra sem hugsanlega eru einnig óánægðir með það sama og það getur því orðið til þess að fleiri kvartanir fari að berast stöðinni og þá er líklegt að þeir skoði málið nánar<sup>42</sup>

### 4.3 Umræður

Ég tel að við sem foreldrar skipum okkur sjálf í einhvern af þeim fjórum flokkum sem Peters fann upp og taldir voru upp hér á undan, það eru oftast foreldrar og aðrir uppalendur sem leiða börnin fyrstu skrefin í sjónvarpsnotkun og leggja þeim reglurnar um hvernig ætlast er til þess að sjónvarpið sé notað. Ef við stöndum frammi fyrir því

---

<sup>41</sup> Meltz.1999:244

<sup>42</sup> Cantor.2000.



þegar börnin okkar eru fjögurra, átta ára eða tíu ára að þau horfi allt of mikið á sjónvarp og á efni sem ekki er við þeirra hæfi, þýðir það að mínu mati aðeins eitt, það er okkur sjálfum að kenna því ábyrgðin var allan tímann okkar.

Ég er mjög svo sammála þeim aðferðum sem bæði Meltz og Cantor leggja til við foreldra, að við horfum með börnunum okkar svo við vitum hvað þau eru að horfa á og að við séum ekki feimin við að kvarta við sjónvarpstöðvarnar þegar okkur finnst þær hafa gengið of langt í sýningum á efni. Ég hef tilfinningu fyrir því að foreldrum hætti til þess að treysta því að það sem sýnt er í barnaefninu sé „bara barnaefni“ og því séu þeir ekki mikið að fylgjast með því, en það er ekki svo einfalt. Margt af því sem sýnt er í barnaefni er ekki við hæfi allra barna, eins og sjá má í yfirliti mínu varðandi könnunina í 2.kafli, auk þess er algengt að auglýsingum og tónlistarmyndböndum sé lætt inn í efnið, á undan því eða eftir og oft á tíðum er langt frá því að það efni sé við hæfi barna. Þess vegna held ég að foreldrar hefðu gagn af því að horfa nokkru sinnum með börnunum á barnaefnið, jafnvel þó þeim finnst það leiðinlegt því að öðruvísi er ómögulegt fyrir foreldri að vita hvað það er í sjónvarpinu sem barnið bregst við, bæði jákvætt og neikvætt.

Því miður virðist mér ekki að foreldrar séu að taka við sér og vakna til ábyrgðar um sjónvarpsáhorf barna sinna því frá Bandaríkjunum berast nú þær fréttir að boðið sé uppá bíó fyrir foreldra og ungbörn einu sinni í viku og nýtur það sívaxandi vinsælda. Foreldrar hafa börnin sín með sér í bíósalinn ásamt öllu því sem þeim fylgir s.s. barnavagna og annað dót. Sýningarnar eru frábrugðnar öðrum sýningum að því leyti að hljóð hefur verið lækkað og ljós er haft í salnum til þess að auðveldara sé fyrir foreldra að sinna börnunum. Foreldrar þurfa ekki að borga fyrir börnin sín inn á þessar sýningar og margir vilja meina að þetta sé góður vettvangur til þess að hitta aðra sem eru í sömu sporum, að takast á við foreldrahlutverkið<sup>43</sup>

Þetta þykja mér undarlegar fregnir sérstaklega í ljósi þess að sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að 10-12 mánaða börn verða fyrir áhrifum af tilfinningum/svipbrigðum sem þau sjá hjá fólki í sjónvarpinu og þau greina sérstaklega neikvæðu tilfinningarnar<sup>44</sup> En fæstir gera sér nokkra grein fyrir að svo ung börn skilji það sem þau sjá í sjónvarpinu, að það eina sem þau skilja af því sem þau sjá sé litadýrðin og hljóðið sem sjónvarpið gefur frá sér. Hjá mér vakna hinsvegar nokkrar spurningar og velti ég því fyrir mér hvort ekkert hafi lærst af fortíðinni, að

<sup>43</sup> Kolbrún Kristjánsdóttir.2004:22

<sup>44</sup> Kennedy.2003.

fólk haldi stöðugt áfram að gera sömu mistökin og hvert stefnir í framtíðinni varðandi börn og áhorf þegar þau venjast því frá blautu barnsbeini bókstaflega, að fara í bíó jafnvel einu sinni í viku.

## 5. kafli Niðurstaða

Ég tel að það hvernig börn bregðast við því sem þau sjá í sjónvarpinu og hvaða áhrif það hefur á þau síðar meir sé í raun undir foreldrum þeirra komið og á þeirra ábyrgð. Það segi ég vegna þess að börn sem horfa mikið á sjónvarp gera það mjög líklega með samþykki foreldra sinna, þar eru líklega ekki miklar reglur um sjónvarpsáhorf eða sjaldgæft að þeim sé fylgt eftir, einnig getur ástæðan verið sú að foreldrarnir horfa sjálfir mikið á sjónvarpið og börnin kannski með þeim, eins og komið hefur fram áður. Afleiðingarnar af sjónvarpsáhorfi barna eru því á ábyrgð foreldra að mínu mati, hvort sem það er árásargirni og ótti eða jákvæðari þættir eins og aukinn skilningur á hugtökum og orðum, börnin læra það sem þau horfa á og það eru foreldarnir sem leyfa áhorfið. Eins og áður hefur komið fram geta foreldrar með því að horfa með börnunum dregið úr þeim neikvæðu áhrifum sem börnin verða fyrir og aukið jákvæðu áhrifin sem að mínu mati er rökrétt en engu að síður held ég að foreldrar og aðrir uppalendur geri sér alls ekki grein fyrir því að þeir geti haft slík áhrif á sjónvarpsáhorf barna sinna. Við foreldrar getum ekki ýtt þessari ábyrgð yfir á þjóðfélagið, við getum ætlast til að þjóðfélagið taki þátt í þessari ábyrgð en varla getum við skammað kvikmyndahúsin ef börnin okkar sjá þar mynd sem ekki er við þeirra hæfi því að það er á okkar ábyrgð að börnin fara í bíó, við getum ekki skammað sjónvarpstöðvarnar fyrir að sýna efni sem ekki er við hæfi barna seinni hluta kvöldsins því það er okkar ábyrgð að slökkva á sjónvarpstækini eða sjá til þess að börnin okkar séu komin í rúmið eða að gera eitthvað annað en að horfa á sjónvarpið. Hinsvegar erum við í fullum rétti til þess að krefjast þess að sjónvarpstöðvar og kvikmyndahús séu ekki að sýna efni sem ekki hæfir börnunum á þeim tíma sem sýnt er efni sérstaklega ætlað þeim og því eigum við að láta í okkur heyra þegar það gerist. Við eigum að geta treyst því að þegar sjónvarpstöðvarnar eru að sýna barnaefni sé það eingöngu barnaefni og ekki komi þar inn í auglýsingar, tónlistarmyndbönd og kvikmyndauglýsingar sem eru oft alls ekki við hæfi barna.

Við gerð könnunarinnar á barnaefninu kom mér verulega á óvart innihald sumra þáttanna sem í boði voru og ég á erfitt með að skilja hvað liggur að baki framleiðslu á slíku efni og hvað það eigi að skilja eftir hjá börnunum. Einnig á ég erfitt með að skilja hversvegna valið er slíkt efni til sýningar hér. Ég á sérstaklega við þáttinn Drekaflugur, því hann er lítið annað en ofbeldi út í gegn og hvað He-Man á að geta kennt börnum get ég heldur ekki skilið sérstaklega í ljósi þess að rannsakað hefur

verið og sýnt fram á að efni þar sem ofbeldi er réttlætt á einhvern hátt, eins og He-Man gerir í lok hvers þáttar, hefur verri áhrif á börn en annað ofbeldisefni. Einnig er slíkt efni undarlegt í ljósi þeirra rannsókna sem ég fjalla um í kafla 1 þar sem sannað þykir að áhorf á ofbeldisefni er líklegt til að ýta undir slíka hegðun hjá börnum auk þess sem það getur með tímanum valdið ónæmi hjá þeim fyrir ofbeldinu.

Það hafa vaknað hjá mér fleiri spurningar en ég fór af stað með í upphafi og margt af því myndi ég vilja skoða nánar. Mér þætti t.d. fróðlegt að rannsaka frekar það barnaefni sem í boði er í íslensku sjónvarpi og skoða það nánar. Mér leikur forvitni á að vita hvaða reglum sjónvarpstöðvarnar héraendis fara eftir við val og kaup á barnaefni, hvort það eru yfirleitt einhverjar reglur eða hvort innkaupastjórnir geta keypt það sem þeim sýnist því ekki virðist bera mikið á markaðsrannsóknum hvað val á barnaefni varðar héraendis. Einnig er verðugt rannsóknarefni að komast að því hvað býr að baki hugmyndum að barnefni, hverjir skrifa helst handrit og framleiða barnaefni, getur hver sem er selt hugmynd sína að barnaefni eða er krafist einhvers af fólki áður en til kemur að sjónvarpa efninu? Áhugavert og mikilvægt verkefni væri að kanna notkun sjónvarpstækja í leikskólum héraendis, en undanfarin ár hefur mér virst sem notkun þeirra í starfi leikskólans hafi aukist. Hvernig er sjónvarpið notað í leikskólanum, er það eingöngu nýtt sem partur af kennsluáferðum skólans eða er það nýtt sem afþreyingartæki, eða hvort tveggja. Ég tel að hér gildi það sem ég hef áður komið inná að ekki er sama *hvaða* efni er verið að sýna.

## Lokaorð

Við gerð þessarar ritgerðar hef ég sannfærst um að neikvæð áhrif sjónvarpsins geta yfirgnæft þau jákvæðu ef ekki er vel fylgst með gangi mála og því er full ástæða til þess að foreldrar og þeir sem vinna með börnum hafi varan á þegar börn og sjónvarpsefni eru annars vegar. Áður en ég hófst handa við þetta verkefni var ég á þeirri skoðun að sjónvarpið væri meira en minna uppfyllt af efni sem hefði eingöngu neikvæð áhrif á börn, hinsvegar er ég nú komin á þá skoðun að börn geti lært margt gott af sjónvarpinu en til þess þurfa barnaþættir að vera vandaðir og efnistöð vel valin. Ég var einnig á þeirri skoðun að foreldrar hefðu mikil áhrif á hvort börnin þeirra lærðu slæma eða góða hluti af sjónvarpinu og þótti mér gott að fá staðfestingu á því í rannsókn Guðbjargar Kolbeins.

Þó ég telji að neikvæð áhrif sjónvarpsins séu mikil tel ég ekki að myndmiðlarnir, sjónvarpið og kvikmyndahúsin séu bölvaldar sem kenna má um allt sem miður fer í heiminum. Ég myndi sjálf ekki vilja vera án þessara miðla því ég er viss um að veröldin væri í daufara lagi ef við hefðum ekki þennan möguleika á afþreyingu, veruleikaflótta og draumsýnum sem sjónvarpið getur boðið okkur uppá.

Það sem ég hinsvegar vil fá foreldra og aðra uppalendur til þess að gera meira af og vona að með þessum skrifum hafi mér tekist að vekja áhuga hjá einhverjum, er að þeir gefi sér tíma til þess að setja sig í spor barnsins og sjá heiminn með augum þess til þess að skilja það betur. Tilvalin æfing í því er að horfa á barnamyndir/þætti með barninu, en sleppa því að horfa með hugarfari þess fullorðna og í staðinn reyna að sjá með augum barnsins. Ég fullyrði að foreldrar sem það gera nokkuð reglulega hafa allt aðra sýn á hvað það er sem barninu er hollt að horfa á og hvað ekki.

## Heimildaskrá

- American Psychological Association. „children and television violence“ Vefslóð:  
<http://www.helping.apa.org/family/kidtvviol.html> (Tekið af netinu 11.janúar2004)
- Anderson, Daniel R. Aletha C Huston ofl.2001. *Early Childhood Television Viewing and Adolescent Behavior*. Blackwell Publishers, Boston.
- Bee, Helen. 2000. *The Developing child* .Allyn & Bacon. Boston.
- Buckingham, David. 2000.*After the death of childhood: Growing up in the age of electronic media*.Blackwell Publishers Ltd. UK.
- Cantor, Joanne.1998a. „How to calm a frightened preschooler“. Vefslóð:  
<http://www.joannecantor.com/preschoolcalm.html> (Tekið af netinu 9.janúar.2004)
- \_\_\_\_\_.1998b. „ Reasoning that Comforts Older Frightened Children“  
Vefslóð:<http://www.joannecantor.com/oldercalm.html>(Tekið af netinu 9.janúar.2004)
- \_\_\_\_\_.2000. „What can we do about media violence: promoting public education and parental empowerment to raise a healthier generation“Vefslóð:[http://www.joannecantor.com/wisnews\\_vio.htm](http://www.joannecantor.com/wisnews_vio.htm) (Tekið af netinu 12.febrúar 2004)
- \_\_\_\_\_.2002a. „The Psychological Effects of Media Violence on Children and Adolescents.“ Vefslóð: <http://www.joannecantor.com/index.htm> (Tekið af netinu 9. janúar.2004)
- \_\_\_\_\_.2002b. “Helping children cope, advice in the aftermath of the terrorist attacks on America“Vefslóð: [http://www.joannecantor.com/terror\\_adv.htm](http://www.joannecantor.com/terror_adv.htm) (Tekið af netinu15.janúar 2004)
- \_\_\_\_\_.2002c.„Television and Fear in Early Childhood“. Vefslóð:  
[http://www.joannecantor.com/preschoolfear\\_tmd.htm](http://www.joannecantor.com/preschoolfear_tmd.htm) (Tekið af netinu 9.janúar.2004)
- Children Now.1998.„Children and television violence“ Vefslóð:  
<http://www.childrennow.org> (Tekið af netinu 8.janúar 2004)
- Hildigunnur Gunnarsdóttir.2000. „*Tengsl áhorfs á sjónvarp og lestrarfærni*“  
Glæður.2000:10;43-51
- Guðbjörg Hildur Kolbeins.2000. „Áhrif fjölskyldunnar á sjónvarpsáhorf íslenskra barna og unglunga“  
Vefslóð:[http://www.opinnhaskoli2000.hi.is/lifiborg\\_borgarfj\\_r2.html](http://www.opinnhaskoli2000.hi.is/lifiborg_borgarfj_r2.html) (Tekið af netinu 8.janúar 2004)
- \_\_\_\_\_.2000.„Áhrif sjónvarps á börn og unglunga;getur jóladraumurinn orðið að martröð?“ Uppeldi.6,13::22-25.

Ísland í aldanna rás 1900-2000. 2003. „*Sjónvarp tekur til starfa*“ Ritstjóri: Sigríður Harðardóttir. Aðalhöfundur Illugi Jökulsson. JPV útgáfa. Reykjavík.

Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir. 2004. Viðtal höfundar við Jóhann G. Jóhannsson og Þóru Sigurðardóttur. 18. janúar.

Kennedy. 2003. “Babies react to emotion on television“ Vefslóð:  
<http://www.apa.org/monitor/apr03/babies.html> (Tekið ef netinu 9. janúar 2004)

Kolbrún Kristjánsdóttir. 2004. „Kornabörnin með í bíó“. *Tímarit Morgunblaðsins* 21. mars.

Kristján Hjálmarsson. 2004. „Latibær opnar bæjarhliðið“. *Fréttablaðið* 28. mars

Linda Blöndal. 2003. „Í fréttum er þetta helst“ *Uppeldi*. 2003. 6, 16:48-51

Media Awareness Network. 1997. „Teaching TV: learning with television“  
Vefslóð: [http://www.mediaawareness.ca/english/resources/educational/lessons/elementary/television\\_radio/teaching\\_tv\\_learning.cfm](http://www.mediaawareness.ca/english/resources/educational/lessons/elementary/television_radio/teaching_tv_learning.cfm) (Tekið af netinu 8. febrúar 2003)

Meltz, Barbara F. 1999. Put yourself in their shoes: Understanding how your children think. Dell Publishing. New York.

*Morgunblaðið*. 2004. „33% hafa ekki lesið bók síðustu 30 daga“ Forsíða 4. Apríl 2004.

Paine, Andre. 2003. „Children hardened to TV violence.“ 22. september. 2003. *Evening Standard*. Vefslóð: <http://www.thisislondon.co.uk/entertainment/staying/articles/6826992?source=Evening%20Standard> (tekið af netinu 14. febrúar 2004)

Palmer, Edward. 1997. „Television for learning: Our foremost tool in the 21st century“ Vefslóð:  
<http://www.unesco.org/education/educprog/lwf/doc/portfolio/opinionindex.htm>  
(Tekið af netinu 17. mars 2004)

Ríkisútvarpið. „Um Rúv“ Vefslóð: <http://www.ruv.is> (Tekið af netinu 10. apríl 2004)  
Skjár 1. Vefslóð: <http://www.S1.is> (Tekið af netinu 12. apríl 2004)

Stroh, Michael. 2002. „TV viewing raises risk teens may turn violent.“ 29. mars. 2002  
*Baltimore Sun*.  
Vefslóð: <http://www.sunspot.net/news/nationworld/balte.tv29mar29.story?coll=bal%2Dnews%2Dnation> ( Tekið af netinu 9. janúar. 2004)

Stöð 2. „Um Stöð 2“ Vefslóð: <http://www.stod2.is/template19.asp?/pageID=405>  
(Tekið af netinu 12. apríl 2004)

Vedantam, Shankar. 2002. „Study Ties Television Viewing to aggression“

*Washington Post* 29.mars.2002.bl:A01.

Vefslóð: <http://www.Washingtonpost.com> (Tekið af netinu 9.janúar 2004)

Vísindavefur Háskóla Íslands.2002. „Hvenær var fyrsta sjónvarpsútsendingin send út í heiminum og hvar?“ Vefslóð: <http://www.visindavefur.hi.is> 2002.(Tekið af netinu 3.mars 2004)